

# Svæðisskipulagsáætlun fyrir Dalabyggð, Reykhólahrepp og Strandabyggð

## GREININGARSKÝRSLA – FORSENDUR, VIÐFANGSEFNI, FRAMTÍÐARSÝN, SVÆÐISMARK, MATSLÝSING

til kynningar og umsagnar
sbr. 23. gr. skipulagslaga og 6. gr. laga um umhverfismat áætlana
febrúar 2017

1 UM ÞETTA SKJAL ........ 3
1.1 Efni skjalsins ........ 3
1.2 Samhengi við verkefnislýsingu ........ 3
1.3 Uppbygging skjalsins ........ 3
1.4 Spurningar til lesenda ........ 4
1.5 Næstu skref ........ 4
2 UM SVÆÐISSKIPULAGSVERKEFNIÐ ........ 5
2.1 Tildrög svæðisskipulagsverkefnis ........ 5
2.2 Tilgangur og markmið verkefnisins ........ 5
2.3 Hlutverk svæðisskipulags ........ 6
2.4 Áherslugreinar og útgangspunktar ........ 6
2.5 Svæðisskipulagsnefnd ........ 7
3 VERKEFNISVINNAN ........ 8
3.1 Gangsetning ........ 8
3.2 Verkefnislýsing ........ 8
3.3 Greining og úrvinnsla ........ 8
3.4 Stefnumótun og umhverfismat ........ 8
3.5 Kynning og umsagnir ........ 9
3.6 Auglýsing tillögu ........ 9
3.7 Afgreiðsla tillögu ........ 9
4 SAMHENGI VERKEFNISINS ........ 10
4.1 Landfræðilegt samhengi ........ 10
4.2 Stjórnsýslusamhengi ........ 11
4.3 Samhengi við aðalskipulag ........ 12
4.4 Tengsl við stefnuskjöl á sveitarfélagavísu ........ 13
4.5 Tengsl við áætlanir fyrir landshluta ........ 14
4.6 Tengsl við áætlanir á landsvísu ........ 15
5 UPPBYGGING SVÆÐISSKIPULAGS ........ 16
5.1 Auðlindir og sérkenni svæðisins ........ 16
5.2 Staða og áskoranir samfélagsins ........ 16
5.3 Framtíðarsýn og svæðismark ........ 16
5.4 Sóknarmarkmið ........ 17
5.5 Umhverfis- og skipulagsstefna ........ 17
5.6 Umhverfismat ........ 17
5.7 Framfylgd ........ 17
6 AUÐLINDIR OG SÉRKENNI SVÆÐISINS ........ 18
6.1 Berggrunnur ........ 19
6.2 Jarðvegur ........ 20
6.3 Yfirborðsvatn ........ 21
6.4 Grunnvatn ........ 22
6.5 Jarðhiti ........ 23
6.6 Sjór ........ 24
6.7 Gróður ........ 26
6.8 Lífríki ........ 27
6.9 Landslag ........ 28
6.10 Minjar ........ 29
6.11 Sögur og sagnir ........ 30
7 STAÐA OG ÁSKORANIR SAMFÉLAGSINS ........ 31
7.1 Mannauður og búseta ........ 32
7.2 Íbúðarbyggð og frístundabyggð ........ 33

7.3 Samfélagsþjónusta ..... 34
7.4 Atvinnulíf ..... 35
7.5 Stofnkerfi ..... 36
8 FRAMTÍÐARSÝN OG LEIÐARLJÓS ..... 37
8.1 Atvinnulíf byggt á auðlindum og sérkennum ..... 37
8.2 Rík umhyggja, sterkar rætur og einstök ró ..... 37
9 SVÆÐISMARK ..... 38
9.1 Styrking ímyndar, efling sjálfsmyndar ..... 38
9.2 Svæðismark byggt á söguþráðum ..... 38
9.3 Sögusvið ..... 39
9.4 Samhengi söguþráða og sögusviðs ..... 41
9.5 Söguþræðir Landbúnaðar ..... 42
9.6 Söguþræðir sjávarnytja ..... 43
9.7 Söguþræðir ferðaþjónustu ..... 44
10 SÓKNARMARKMIÐ ..... 45
10.1 Landbúnaður ..... 45
10.2 Sjávarnytjar ..... 45
10.3 Ferðaþjónusta ..... 45
11 UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSTEFNA ..... 46
11.1 Landnotkun ..... 46
11.2 Verndun ..... 46
11.3 Vegakerfi ..... 46
11.4 Ferðaleiðir og áfangastaðir ..... 46
11.5 Rafveita og fjarskipti ..... 46
11.6 Úrgangsmál ..... 46
12 UMHVERFISMAT ..... 47
12.1 Matslýsing ..... 47
12.2 Efni áætlunarinnar ..... 47
12.3 Tengsl við aðrar áætlanir ..... 47
12.4 Umhverfisaðstæður og umhverfisþættir ..... 49
12.5 Stefna til mats ..... 49
12.6 Viðmið við matið ..... 49
12.7 Nákvæmni, gögn og aðferðir ..... 50
13 FRAMFYLGD ..... 52
HEIMILDIR OG ÍTAREFNI ..... 53
UMSAGNARAÐILAR ..... 57

# 1 UM ÞETTA SKJAL

## 1.1 EFNI SKJALSINS

Í þessu skjali er gerð grein fyrir forsendum svæðisskipulagsgerðar Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar. Helstu auðlindum og sérkennum skipulagssvæðisins er lýst ásamt stöðu og áskorunum samfélaga þess. Dregið er fram hvað einkennir helstu umhverfisþætti, hvernig nýtingu auðlinda er háttað og hvaða frekari möguleikar eru til að nýta þau auðæfi sem svæðið býr yfir. Á grunni þess eru settar fram tillögur að viðfangsefnum, áherslum, framtíðarsýn og svæðismarki og því síðan lýst hvernig staðið verður að umhverfismati stefnunnar, í samræmi við lög um umhverfismat áætlana. Í næsta áfanga vinnunnar, sem er sjálf stefnumótunin, verða viðfangsefni og áherslur mótaðar frekar, m.a. út frá ábendingum við þessa skýrslu.

## 1.2 SAMHENGI VIÐ VERKEFNISLÝSINGU

Lýsing svæðisskipulagsverkefnisins (sbr. 23. gr. skipulagslaga) var kynnt í júníbyrjun 2016 með auglýsingu á Facebook og verkefnisvefnum samtakamattur.is. Til stóð að birta einnig auglýsingar í blöðum og á vefsíðum sveitarfélaganna, en vegna mistaka birtist einungis auglýsing á vef Dalabyggðar. Lýsingin lá þó frammi á skrifstofum sveitarfélaganna og hún var send til fjölmargra aðila innan og utan sveitarfélagsins til kynningar og umsagnar (sjá lista aftast í þessu skjali). Einnig hafði vefur og Facebook-síða verkefnisins áður verið vel kynnt á vefsíðum sveitarfélaganna og svæðisskipulagsverkefnið sjálft í héraðsblöðunum Bæjarins besta, Dalapóstinum og Skessuhorni. Þá hafði á vordögum verið haldinn opinn íbúafundur þar sem verkefnið var kynnt og rætt um viðfangsefni og áherslur við skipulagsgerðina og aðstæður á svæðinu. Ekki þótti því ástæða til að auglýsa verkefnislýsinguna að nýju þegar í ljós kom að auglýsingar um hana höfðu ekki birst, enda hafði þá nokkur tími liðið og vinnan var komin lengra. Ákveðið var á fundi svæðisskipulagsnefndar þann 24. ágúst 2016 að auglýsa í staðinn þá greiningarskýrslu sem hér birtist, í samræmi við 23. gr. skipulagslaga, og senda til allra á lista yfir umsagnar- og hagsmunaaðila, en skýrslan tekur á öllu því sem lýsing á að innifela skv. gr. 3.2.3 í skipulagsreglugerð. Skýrslan inniheldur einnig lýsingu á nálgun við umhverfismat svæðisskipulagstillögu, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana og gr. 3.2.2 í skipulagsreglugerð.

## 1.3 UPPBYGGING SKJALSINS

Greiningarskýrsla þessi skiptist í sömu hluta og sjálf svæðisskipulagstillagan mun gera þegar þar að kemur. Skýrslan nær til inngangs, forsendugrunns, framtíðarsýnar, svæðismarks og fyrstu skrefa við umhverfismat (matslýsingu) en gróf drög að uppbyggingu annarra hluta eru höfð með til að sýna heildarsamhengið.

→ *Inngangshluti* (1.-5. kafli) fjallar um tildrög og tilgang verkefnisins, áherslur við vinnslu þess, vinnuferlið, samhengi við önnur svæði og verkefni. Þar er einnig gerð nánari grein fyrir uppbyggingu svæðisskipulagsins.

→ *Forsendugrunnur* (6. og 7. kafli) lýsir sérkennum og auðlindum svæðisins og gerir grein fyrir stöðu og áskorunum samfélaga þess.




→ *Sóknaráætlun sveitarfélaganna* (8., 9. og 10. kafli) skiptist í framtíðarsýn og svæðismark annarsvegar og sóknarmarkmið hinsvegar. Þessi hluti mun þannig lýsa meginstefnu í atvinnu- og samfélagsmálum.

→ *Umhverfis- og skipulagsstefna* (11. kafli) mun ná til landnotkunar og grunngerðar sem þarf að vera í takt við sóknaráætlunina.

→ *Umhverfismat áætlunarinnar* (12. kafli) lýsir á þessu greiningarstigi nálgun við mat á áhrifum þeirrar stefnu sem sett verður fram (svokölluð matslýsing) en í sjálfri skipulagstillögunni mun þessi kafli draga saman helstu niðurstöður þess mats. Meginefni umhverfismatsins verður sett fram í viðauka eða fylgiskjali.

→ *Framfylgd áætlunarinnar* (13. kafli) verður lýst í lokakaflanum.

→ *Viðaukar* lista upp heimildir, ítarefni og hagsmuna- og umsagnaraðila.

## 1.4 SPURNINGAR TIL LESENDA

Árangur verkefnisins veltur ekki síst á því að íbúar svæðisins fylgist með og taki þátt. Svæðisskipulagsnefnd hvetur því íbúa til að koma á framfæri ábendingum eða að spyrja spurninga um efni þessa skjals. Aðrir hagsmunaaðilar eru einnig hvattir til hins sama.

Leitað er eftir ábendingum í formi hugmynda, tillagna, athugasemda eða spurninga um efni greiningarskýrslunnar. Við lesturinn getur verið gagnlegt að hafa spurningarnar að neðan í huga.

Ábendingar má senda til formanns svæðisskipulagsnefndar Ingibjargar Emilsdóttur, annað hvort á Borgabraut 19, 510 Hólmavík eða með tölvupósti til ingaemils@strandabyggd.is. Óskað er eftir að þær berist fyrir 24. febrúar 2017. Ábendingarnar verða notaðar af ráðgjöfum og fulltrúum í svæðisskipulagsnefnd til að lagfæra það sem betur má fara og móta verkefnið, framtíðarsýn og svæðismark nánar. Einnig er tekið á móti tillögum um sóknarmarkmið og umhverfis- og skipulagsstefnu, sem er næsti áfangi verkefnisins.

***Til lesanda: Hafðu eftirfarandi spurningar í huga við lesturinn!***

1. *Hefurðu ábendingar um **áherslugreinar og útgangspunkta** verkefnisins sem lýst er í 2. kafla?*
2. *Þekkir þú til **stefnuskjala** eða verkefna sem **tengjast** verkefninu og eru ekki tilgreind í 4. kafla?*
3. *Finnst þér vanta að nefna einhver **sérkenni eða verðmæti** svæðisins sem lýst er í 6. kafla? Eða **nýtingu** þeirra og frekari **möguleika**?*
4. *Er ástæða til að draga fram aðrar eða fleiri **áskoranir** samfélaga svæðisins en gert er í 7. kafla?*
5. *Ertu sammála tillögum um **viðfangsefni** og **áherslur** sem settar eru fram í 6. og 7. kafla? Finnst þér vanta eitthvað þar?*
6. *Finnst þér drög að **framtíðarsýn** og **leiðarljósum** í 8. kafla tala til þín?*
7. *Eru drög að **svæðismarki** í 9. kafla lýsandi fyrir sérkennis svæðisins og sjálfsmynd samfélaga þess?*
8. *Hefurðu tillögur um **sóknarmarkmið** fyrir landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu, sbr. 10. kafla?*
9. *Hefurðu tillögur um **stefnu í umhverfis- og skipulagsmálum**, sbr. 11. kafla?*
10. *Hefurðu ábendingar varðandi nálgun við **umhverfismat** áætlunarinnar, sbr. 12. kafla?*
11. *Hefurðu ábendingar um **heimildir eða hagsmunaaðila** sem ætti að bæta á listana aftast í skjalinu?*

## 1.5 NÆSTU SKREF

Ferlið við kynningu þessarar skýrslu er eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun og aðrir umsagnaraðilar fá greiningarskýrsluna til umsagnar. Frestur til athugasemda er til 24. febrúar 2017.
- Á sama tíma er skýrslan birt á vef verkefnisins, www.samtakamattur.is og frétt um hana birt á Facebook-síðu, á vefsíðum sveitarfélaganna og í dagblöðum og héraðsblöðum. Útprentað eintak liggur einnig frammi á skrifstofum sveitarfélaganna þriggja. Frestur til athugasemda og ábendinga er til og með 24. febrúar 2017.
- Eftir að umsagnartíma lýkur mun svæðisskipulagsnefnd taka ábendingar sem kunna að berast til skoðunar við frekari mótun svæðisskipulagstillögu.

# 2 UM SVÆÐISSKIPULAGSVERKEFNIÐ

## 2.1 TILDRÖG SVÆÐISSKIPULAGSVERKEFNIS

Sveitarfélögin Dalabyggð, Reykhólahreppur og Strandabyggð hafa haft með sér margvíslegt og vaxandi samstarf. Veturinn 2015 ákváðu sveitarstjórnir þeirra að eiga fund til að ræða möguleg tækifæri tengd frekara samstarfi. Fundurinn var haldinn í Tjarnarlundi í Saurbæ þann 31. mars 2015 og var Árneshreppi og Kaldrananeshreppi einnig boðið að senda fulltrúa. Á fundinum voru 19 sveitarstjórnarfulltrúar, 7 frá Dalabyggð, 5 frá Reykhólahreppi, 6 úr Strandabyggð og 1 frá Kaldrananeshreppi. Fulltrúi frá Árneshreppi komst ekki vegna veðurs.

Á fundinum var farið yfir áskoranir sveitarfélaganna í byggðamálum og rætt um ávinning af því að takast á við þær með samvinnu í einu eða öðru formi; á vegum hins opinbera, félagasamtaka eða fyrirtækja. Sameiginleg áhyggjuefni sem komu fram voru m.a. fólksfækkun, hækkandi meðalaldur, lélegar samgöngur og fjarskipti og veikir innviðir. Einnig einhæfni atvinnulífs og skortur á störfum á svæðinu fyrir ungt fólk að námi loknu, sem og skortur á stuðningi við nýsköpun í atvinnulífinu. Fram kom að svæðið þjónaði ferðafólki ekki nægilega vel og að nýta mætti betur tækifæri í þeirri vaxandi atvinnugrein. Mikilvægt var talið að taka höndum saman við uppbygginu sameiginlegra innviða og að styrkja ímynd svæðisins m.t.t. ferðaþjónustu. Samantekt af umræðum fundarins, „Að búa í haginn – samstarf til sóknar“, er aðgengileg á vefsíðum sveitarfélaganna (Alta 2015). Í henni er bent á tækifæri til samvinnu milli sveitarfélaganna, s.s. í stjórnsýslu, félagsþjónustu, skólamálum, tómstundastarfi, heilbrigðisþjónustu og atvinnumálum. Einnig er bent á möguleika sveitarfélaganna til samvinnu við atvinnulíf og félagasamtök. Í framhaldi af þessu samtali og eftir frekari skoðun ákváðu sveitarstjórnir Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar að vinna að sameiginlegri svæðisskipulagsáætlun til að stilla betur saman strengi og virkja samtakamáttinn. Kaldrananeshreppur og Árneshreppur ákváðu að vera ekki með, a.m.k. að svo stöddu.

## 2.2 TILGANGUR OG MARKMIÐ VERKEFNISINS

Með áætlunargerðinni vilja sveitarfélögin þrjú móta og festa í sessi sameiginlega framtíðarsýn á þróun svæðisins í þeim tilgangi að styrkja atvinnulíf og byggð. Með því að greina tækifæri sem búa í auðlindum og sérkennum svæðisins og móta á þeim grunni markmið í atvinnumálum, samfélagsmálum og umhverfismálum og síðan skipulagsstefnu sem styður við þau, eru væntingar um að ná meiri árangri en ella við að takast á við áskoranir í byggðamálum. Í þessum tilgangi eru markmið svæðisskipulagsverkefnisins að það leiði til:

→ *Aukinnar samvinnu sveitarfélaganna um eflingu atvinnulífs og byggðar* – með því að móta sameiginlega framtíðarsýn og markmið til að vinna eftir og forgangsraða samstarfsverkefnum og verkefnum sveitarfélaganna á þeim grunni.

→ *Sterkari sjálfsmyndar samfélaga á svæðinu og aukinnar samheldni þeirra* – með því að greina tengsl íbúa við sitt svæði og draga þau fram í stefnumótuninni.

→ *Sterkari ímyndar svæðisins og aukins aðdráttarafls gagnvart ferðamönnum, nýjum íbúum, fyrirtækjum og fjárfestum* – með því að skýra sérkenni svæðisins og marka stefnu sem styrkir þau og nýtist jafnframt fyrirtækjum í ferðaþjónustu og öðrum atvinnugreinum til vöruþróunar og markaðssetningar.

→ *Nýrra fyrirtækja, þjónustu og vöru sem byggja á sérkennum og auðlindum svæðisins* – með því að draga fram, ræða og gera aðgengilegar upplýsingar um auðlegð svæðisins og tækifæri sem í henni búa, ásamt því að móta stefnu um nýtingu hennar og verndun.

→ *Aukins fjármagns til svæðisbundinna verkefna og annarra verkefna sem falla að sameiginlegri langtímasýn svæðisins í svæðisskipulaginu* – með því að setja einstök verkefni í stærra samhengi í tíma og rúmi.

## 2.3 HLUTVERK SVÆÐISSKIPULAGS

Í samræmi við framangreind markmið er hlutverk svæðisskipulagsins að undirbyggja, marka og festa í sessi sameiginlega framtíðarsýn sveitarfélaganna á þróun atvinnulífs, samfélags og umhverfis svæðisins og útfæra þá sýn m.t.t. skipulagsmála. Svæðisskipulaginu er þannig ætlað að vera eigin byggða<u>áætlun</u> sveitarfélaganna sem skilgreinir sameiginlegar áherslur og verkefni um leið og það er skipulags<u>áætlun</u> sem leggur línur fyrir aðalskipulags- og deiliskipulagsgerð hvers sveitarfélags. Orðið áætlun er hér undirstrikað til að leggja áherslu á að svæðisskipulag er stefnumarkandi áætlun eða strategísk áætlun (e. strategic spatial plan). Hugtakið „strategía“ táknar í þessu samhengi áætlun sem miðar að því að ná tilteknum markmiðum eftir skilgreindum leiðum. Framfylgd áætlunarinnar er lykilatriði og að því er snýr að skipulagi gerist hún einkum með frekari skipulagsvinnu, mannvirkjagerð og umhverfismótun. En þar sem áætlun sveitarfélaganna þriggja er jafnframt nýtt til að samtvinna skipulagsstefnu við stefnu í atvinnumálum og menningar- og menntamálum, þá mun framfylgdin einnig fara fram með frekari áætlunargerð, tilteknum framkvæmdum, ýmiskonar verkefnum og viðburðum, samstarfi milli aðila eða ákveðnum stjórnunarháttum. Hér er því verið að nýta svæðisskipulag sem verkfæri til byggðaþróunar.

***Svæðisskipulagið er verkfæri til að:***

1. *Setja fram sameiginlega **framtíðarsýn og meginstefnu í atvinnu-, samfélags – og umhverfismálum** í þeim tilgangi að styrkja byggð á svæðinu.*
2. *Marka **skipulagsstefnu** um **landnotkun** og **grunngerð** sem styður við meginstefnuna og til nánari útfærslu í aðalskipulagi.*
3. *Skilgreina **verkefni** sem stuðlað geta að framtíðarsýninni, þ.m.t. framkvæmdaverkefni og önnur verkefni á sviði atvinnulífs, samfélags og umhverfis.*
4. *Leggja línur fyrir **framfylgd** svæðisskipulagsins, þ.m.t. frekari áætlunar- og skipulagsgerð, hlutverk og samvinnu aðila og forgangsröðun verkefna.*

## 2.4 ÁHERSLUGREINAR OG ÚTGANGSPUNKTAR

Sveitarstjórnir sveitarfélaganna þriggja ákváðu við upphaf verkefnisins að í því yrði lögð áhersla á þrjú svið; *landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu*. Til að móta stefnu fyrir þessi svið hefur verkefnið tvo meginútgangspunkta. Þeim fyrri má lýsa með yfirskrift verkefnisins sem er *„Samtakamátturinn virkjaður!“*. Í því felst að leitast er við að virkja samtakamátt samfélagsins til að efla byggðina, með því að tengja á milli sveitarfélaga, atvinnugreina og einstaklinga. Síðari punkturinn snýr að *„auðlindagrunni“* svæðisins og því að draga fram tækifæri sem felast í náttúruauðlindum, landslagi, sögu, menningu og mannauði og hvernig megi nýta þau tækifæri til að efla byggð.

Orðið *„tenging“* lýsir einnig mikilvægri áherslu verkefnisins þar sem í því er leitast við að tengja á milli:

→ Sveitarfélaga og landshluta, s.s.
- sóknaráætlana landshluta
- sóknaráætlana og skipulagsáætlana
- aðalskipulagsáætlana sveitarfélaganna
- landskipulagsstefnu og svæðisskipulags

→ Atvinnugreina og málaflokka, s.s.
- landbúnaðar og ferðaþjónustu
- atvinnuþróunar og skipulagsmála
- skipulagsmála og markaðsmála

→ Svæða innan sveitarfélaganna og við nágrannasvæði, s.s.
- eins áfangastaðar (ferðasvæðis) og annars
- dreifbýlis og þéttbýlis

## 2.5 SVÆÐISSKIPULAGSNEFND

Í samræmi við skipulagslög var við upphaf verkefnisins sett á fót svæðisskipulagsnefnd og í henni sitja:

- → Frá Dalabyggð: Halla Steinólfsdóttir og Hörður Hjartarson sem aðalfulltrúar. Jóhannes Haukur Hauksson og Ingveldur Guðmundsdóttir sem varafulltrúar.
- → Frá Reykhólahreppi: Karl Kristjánsson og Ágúst Már Gröndal sem aðalfulltrúar. Áslaug Berta Guttormsdóttir og Sandra Rún Björnsdóttir sem varafulltrúar.
- → Frá Strandabyggð: Haraldur V. A. Jónsson og Ingibjörg Emilsdóttir sem aðalfulltrúar. Ingibjörg Benediktsdóttir og Jón Gísli Jónsson sem varafulltrúar.

Á fyrsta fundi sínum þann 23. febrúar 2016 setti nefndin sér starfsreglur sem sendar voru til Skipulagsstofnunar til umsagnar. Reglurnar tóku gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 22. júní 2016 að undangenginni umsögn Skipulagsstofnunar, sbr. 9. gr. skipulagslaga. Reglurnar varða t.d. hlutverk nefndarinnar, skipan í hana, fundahöld og fundargerðir og þær má nálgast á vef verkefnisins, www.samtakamattur.is.

# 3 VERKEFNISVINNAN

## 3.1 GANGSETNING

Foráfanga verkefnisins er lokið en í honum fólst ráðning ráðgjafa, skipun svæðisskipulagsnefndar, setning starfsreglna nefndarinnar, gerð verk- og tímaáætlunar, umsókn um kostnaðarframlag í Skipulagssjóð og uppsetning verkefnisvefja, annars vegar innri vinnuvefs fyrir svæðisskipulagsnefnd og hins vegar opins upplýsingavefs. Upphafsfundur svæðisskipulagsnefndar var haldinn í Búðardal þann 23. febrúar 2016 og til síðari hluta hans var boðið sveitarstjórnum og fulltrúum úr nefndum sveitarfélaganna sem mest tengjast viðfangsefnum svæðisskipulags.

## 3.2 VERKEFNISLÝSING

Fyrsti áfangi vinnunnar var gerð verkefnislýsingar. Svæðisskipulagsnefnd fundaði um drög að verkefnislýsingu þann 4. apríl 2016 og hélt síðan opinn súpufund í Tjarnarlundi í Dalabyggð þann 26. apríl til að kynna verkefnið og fá fram sjónarmið sem nýst gætu við mótun þess. Út frá efni sem þar kom fram var verkefnislýsingin fullunnin og síðan afgreidd af svæðisskipulagsnefnd til kynningar og umsagnar í samræmi við 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga þann 1. júní 2016.

Verkefnislýsing var kynnt á vef verkefnisins, www.samtakamattur.is og á Facebook-síðu þess í byrjun júní 2016 og þá jafnframt send Skipulagsstofnun og fjölmörgum aðilum til umsagnar (sjá lista í skjalinu) og óskað eftir að umsagnir og ábendingar bærust fyrir miðjan júlí 2016. Umsagnir eða ábendingar bárust frá eftirtöldum aðilum: Breiðafjarðarnefnd, Búnaðarsamtökum Vesturlands, Hafrannsóknastofnun, Isavia, Landsneti, Minjastofnun Íslands, Orkubúi Vestfjarða, Skógræktinni, Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun.

Skipulagsnefnd tók umsagnir til umfjöllunar á fundi sínum 24. ágúst 2016 og vísaði ábendingum sem þar koma fram til skoðunar og úrvinnslu í öðrum áfanga verkefnisins.

## 3.3 GREINING OG ÚRVINNSLA

Annar áfangi vinnunnar sem fór fram í maí til desember 2016 fólst í frekari greiningu á svæðinu m.t.t. stöðu og áskorana samfélagsins, auðlinda og sérkenna landslags, núverandi nýtingar og frekari möguleika í nýtingu. Unnið var úr fyrirliggjandi heimildum (sjá heimildaskrá) og úr efni af samráðsfundum. Í septemberbyrjun var opinn súpufundur í Króksfjarðarnesi þar sem leitað var eftir sýn íbúa á sérstöðu svæðisins sem efnivið fyrir svæðismark (vörumerki) þess. Einnig var fundurinn nýttur til að kalla fram hugmyndir um ferðaleiðir og áfangastaði.

Um miðjan nóvember var haldinn fundur í Reykjavík með ungu fólki frá svæðinu. Þar var rætt um sérkenni og tækifæri svæðisins og hugmyndir ungu kynslóðarinnar um framtíðarþróun þess.

Afrakstur annars áfanga er sú greiningarskýrsla sem hér birtist og er hún nú kynnt og auglýst í samræmi við ákvæði 23. gr. skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana. Skýrslan er einnig send til aðila sem skilgreindir eru sem umsagnar- eða hagsmunaaðilar (sjá lista aftast í skjalinu) og þeim boðið að koma á framfæri ábendingum.

## 3.4 STEFNUMÓTUN OG UMHVERFISMAT

Þriðji áfangi stendur frá janúar 2016 til mars 2017. Á því tímabili verður hin eiginlega svæðisskipulagstillaga mótuð ásamt umhverfisskýrslu. Haldinn verður sameiginlegur vinnufundur með nefndum og ráðum sveitarfélaganna og til hans verður einnig boðið aðilum frá stofnunum og félagasamtökum, m.a. til að ræða möguleika í framfylgd stefnu.

Áfanganum lýkur með afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar á tillögu til kynningar.

## 3.5 KYNNING OG UMSAGNIR

Í fjórða áfanga, sem áætlaður er frá apríl til júní 2017, fer fram kynning skipulagstillögu fyrir íbúum sem fá jafnframt tækifæri til að koma að ábendingum og athugasemdum við tillöguna. Umsagnaraðilar fá einnig tækifæri til að gefa umsögn um tillöguna, sbr. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga. Eftir þann kynningar- og umsagnartíma verður unnið úr ábendingum og tillagan síðan afgreidd af svæðisskipulagsnefnd og sveitarstjórnum til athugunar Skipulagsstofnunar fyrir formlega auglýsingu hennar.

## 3.6 AUGLÝSING TILLÖGU

Fimmti áfangi er auglýsing tillögunnar samkvæmt 24. gr. skipulagslaga að undangenginni umsögn Skipulagsstofnunar. Auglýsingatíminn er 6 vikur og á því tímabili gefst öllum sem telja sig eiga hagsmuna að gæta tækifæri til að gera athugasemdir við tillöguna. Reiknað er með að þessi áfangi verði á tímabilinu júlí fram í október 2017.

## 3.7 AFGREIÐSLA TILLÖGU

Í sjötta áfanga verður unnið úr athugasemdum sem kunna að berast á auglýsingatíma og gengið frá svæðisskipulagi til samþykktar svæðisskipulagsnefndar og sveitarstjórna og síðan staðfestingar Skipulagsstofnunar. Þessi áfangi er áætlaður frá nóvember til desember 2017.

Áfangaskipting og tímaáætlun



# 4 SAMHENGI VERKEFNISINS

## 4.1 LANDFRÆÐILEGT SAMHENGI

Landsvæði Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar er samanlagt 5356 km². Það liggur að mikilvægum strandsjávarsvæðum á þrjá vegu; til vesturs að Breiðafirði, til norðausturs að Húnaflóa og til norðvesturs að Ísafjarðardjúpi. Mörk sveitarfélaganna þriggja mætast nokkurn veginn í miðju svæðisins, á Steinadalsheiði sem liggur á milli Gilsfjarðar og Kollafjarðar. Frá miðju svæðisins (eða Gilsfirði) er um 1,5 klst. akstur til Borgarness, rúmlega 3 klst. akstur til Ísafjarðar og um 2 klst. akstur í Stykkishólm. Til höfuðborgarinnar er um 2,5 klst. akstur og tæpra 4 klst. akstur til höfuðstaðar Norðurlands, Akureyrar. Meginleið að svæðinu sunnanverðu liggur um Bröttubrekku frá Hringvegi 1, að norðanverðu um Djúpveg, að austanverðu um Innstrandaveg og að vestanverðu um Snæfellsnesveg.




***Ályktanir um þýðingu fyrir áætlunargerðina, hvað varðar viðfangsefni og áherslur:***

→ *Staðinn verði vörður um verðmæt strandsjávarsvæði sem sveitarfélögin eiga sameiginlega og með öðrum sveitarfélögum.*

→ *Stuðlað verði að góðum vegatengingum við önnur sveitarfélög á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra til að svæðið geti sem best nýtt möguleika sína til þróunar.*

Meginleiðir að svæðinu



## 4.2 STJÓRNSÝSLUSAMHENGI

Sveitarfélögin þrjú tilheyra tveimur landshlutum; annarsvegar eru Reykhólahreppur og Strandabyggð hluti af Vestfjörðum og meðlimir í Fjórðungssambandi Vestfirðinga; hinsvegar er Dalabyggð hluti af Vesturlandi og þar með Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Á vegum landshlutasamtakanna eru ýmis verkefni og starfsemi sem sveitarfélögin þrjú taka þátt í með einum eða öðrum hætti, s.s. sóknaráætlanir, uppbyggingarsjóður, atvinnuráðgjöf, símenntun og markaðsstofur.

Þrátt fyrir að sveitarfélögin tilheyri tveimur landshlutum hafa þau, ýmist tvö eða þrjú, haft með sér margvíslegt samstarf. Sem dæmi má nefna að Strandabyggð og Reykhólahreppur hafa með sér sameiginlega velferðarnefnd og að samvinna hefur verið milli allra sveitarfélaganna þriggja um íþróttastarf og skólamál. Þá er margvíslegt samstarf á sviði ýmiskonar félagsstarfsemi.

Dalabyggð og Reykhólahreppur eiga fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd sem er umhverfisráðherra til ráðgjafar um framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar.

***Ályktanir um þýðingu fyrir áætlunargerðina, hvað varðar viðfangsefni og áherslur:***

→ *Tekið verði tillit til þess að svæðið tilheyrir tveimur landshlutasamtökum sveitarfélaga, m.a. með því að taka mið af stefnuskjölum og verkefnum sem hafa verið unnin eða eru í vinnslu á þeirra vegum (sjá kafla 2.3) og með samráði við greiningu og stefnumótun (sjá 3. kafla).*

→ *Tekið verði tillit til þess að hluti skipulagssvæðisins tilheyrir verndarsvæði Breiðafjarðar, m.a. með því að taka mið af Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 (sjá kafla 2.3) og með samráði við greiningu og stefnumótun (sjá 3. kafla).*

Landshlutar og sveitarfélög



## 4.3 SAMHENGI VIÐ AÐALSKIPULAG

Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna eru mikilvægur grunnur fyrir svæðisskipulagsgerðina. Þær hafa verið rýndar við gerð þessarar greiningarskýrslu m.t.t. auðlinda og sérkenna svæðisins, stöðu þess og þróunar. Einnig m.t.t. þess hvaða skipulagsviðfangsefni er æskilegt að marka sameiginlega stefnu um. Skipulagstímabil aðalskipulagsáætlananna nær til 2016 (Dalabyggð), 2018 (Reykhólahreppur) og 2022 (Strandabyggð) og er því ýmist kominn tími á endurskoðun eða styttist í hana.

Ekki þykir ástæða til að rýna deiliskipulag á svæðinu en það er eitt þeirra verkfæra sem sveitarfélögin hafa til að framfylgja stefnu svæðisskipulags og aðalskipulags.

***Ályktanir um þýðingu fyrir áætlunargerðina, hvað varðar viðfangsefni og áherslur:***

→ *Dregin verði fram þau viðfangsefni aðalskipulags sem eru mikilvæg á svæðisvísu.*

→ *Miðað verði að því að svæðisskipulagsgerðin auðveldi endurskoðun aðalskipulags þegar þar að kemur, t.d. með öflun landfræðilegra gagna og vinnslu korta sem nýtast bæði fyrir svæðisskipulag og aðalskipulag.*

Samspil svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags

| | |
|---|---|
| Svæðis-skipulag | Sóknarmarkmið<br>atvinnumál, samfélagsmál, menningarmál |
| | Umhverfis- og skipulagsstefna<br>svæði, staðir, innviðir |
| Aðal-skipulag | Nánar útfærð sóknarmarkmið og umhverfis- og skipulagsstefna |
| | Landnotkunarskipulag |
| Deili-skipulag | Fyrirkomulag og gerð mannvirkja |



## 4.4 TENGSL VIÐ STEFNUSKJÖL Á SVEITARFÉLAGAVÍSU

Hjá sveitarfélögunum eða samtökum á svæði þeirra hefur á síðustu árum eða er um þessa mundir unnið að eftirfarandi stefnumótunarverkefnum sem hafa verið rýnd við vinnslu þessarar greiningarskýrslu og verða rýnd frekar þegar kemur að stefnumótun í þriðja áfanga verkefnisins (sjá tengla á verkefnin í heimildaskrá):

- Arnkatla 2008. Stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir árin 2008 – 2012 (klasasamstarf fyrirtækja á Ströndum og í Reykhólasveit)
- Staðarandi Reykhóla. Greiningarskýrsla og tillögur.
- Stefnumótun Strandabyggðar 2016. Yfirstandandi verkefni þar sem lögð er áhersla á stefnumótun um innri skipulagsmál sveitarfélagsins og atvinnumál og atvinnuuppbyggingu.

***Ályktanir um þýðingu fyrir áætlunargerðina, hvað varðar viðfangsefni og áherslur:***

→ *Áherslur í ofangreindum stefnuskjölum sem varða þrjár áherslugreinar svæðisskipulagsverkefnisins; landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu, og geta átt við svæðið sem heild eða einstök undirsvæði þess, verði dregin fram við stefnumótun svæðisskipulagsverkefnisins.*

## 4.5 TENGSL VIÐ ÁÆTLANIR FYRIR LANDSHLUTA

Þar sem svæðið tilheyrir tveimur landshlutum ná tvær sóknaráætlanir til þess:

- Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019.
- Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019.

Fyrir landshlutana, svæði innan þeirra eða nágrannasvæði hefur á síðustu árum eða er um þessa mundir unnið að eftirfarandi stefnumótunarverkefnum sem hafa verið rýnd við vinnslu þessarar greiningarskýrslu og verða rýnd frekar þegar kemur að stefnumótun og umhverfismati í þriðja áfanga verkefnisins (sjá tengla á verkefnin í heimildaskrá):

- Umhverfisvottun Vestfjarða.
- Eldra svæðisskipulag: Svæðisskipulag Dalasýslu og A-Barðastrandarsýslu 1992-2012, staðfest 4. janúar 1996. Náði til allrar Dalasýslu og Reykhólahrepps í A-Barðastrandarsýslu.
- Ferðaþjónusta á Vesturlandi. Staða og stefna: 2012-2015.
- Nýtingaráætlun strandsvæða á Vestfjörðum - Ísafjarðardjúp og Jökulfirðir.
- Stefnumótun Ferðamálasamtaka Vestfjarða 2010 – 2015.
- Stefnumótun Ferðamálasamtaka Vestfjarða 2016-2020, yfirstandandi.
- Stefnumótun í menningarmálum á Vestfjörðum (2007).
- Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum. Fyrstu skref 24. maí 2016.
- Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026.
- Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019.

***Ályktanir um þýðingu fyrir áætlunargerðina, hvað varðar viðfangsefni og áherslur:***

→ *Áherslur í ofangreindum stefnuskjölum sem varða þrjár áherslugreinar svæðisskipulagsverkefnisins, landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu, og geta átt við svæðið sem heild eða einstök undirsvæði þess, verði dregin fram við stefnumótun svæðisskipulagsverkefnisins.*

→ *Tryggt verði að stefna svæðisskipulagsins rími við áherslur þessara stefnuskjala eftir því sem við á.*



## 4.6 TENGSL VIÐ ÁÆTLANIR Á LANDSVÍSU

Eftirfarandi áætlanir á landsvísu hafa verið rýndar við vinnslu þessarar greiningarskýrslu og verða rýnd frekar þegar kemur að stefnumótun og umhverfismati í þriðja áfanga verkefnisins. Sjá einnig nánar um efni þeirra í kafla 12.2 um umhverfismat (og tengla í heimildaskrá):

- Landsskipulagsstefna 2015-2016.
- Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum. Umhverfisráðuneytið (2010).
- Kerfisáætlun Landsnets 2015–2024. Drög.
- Kerfisáætlun Landsnets. Fimm ára áætlun 2013–2017.
- Líffræðileg fjölbreytni: Stefnumótun Íslands um framkvæmd Samnings um líffræðilega fjölbreytni. Umhverfisráðuneytið (2008).
- Stefnumörkun í loftslagsmálum. Umhverfisráðuneytið (2007a).
- Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.
- Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga. Skýrsla og tillögur nefndar. Umhverfisráðuneytið (2007).
- Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.
- Þingsályktun um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi.
- Þingsályktun um ferðamálaáætlun 2011-2020.
- Þingsályktun um landgræðsluáætlun 2003-2014.
- Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 2009-2013.
- Þingsályktun um samgönguáætlun 2011-2022.
- Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017.
- Þingsályktun um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022.
- Vegvísir í ferðaþjónustu.

Dæmi um verkefni á landsvísu sem nýtt hafa verið við greiningarvinnuna og verða áfram nýtt við stefnumótunina (sjá tengla í heimildaskrá):

- Ferðamálastofa (2015). Auðlindir ferðaþjónustunnar.
- Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti (2010). Skýrsla nefndar um landnotkun: Athugun á notkun og varðveislu ræktanlegs lands á Íslandi.
- Starfshópur um landnotkun í dreifbýli og sjálfbæra landnýtingu (2014). Landnotkun í dreifbýli og sjálfbær landnýting. Áfangaskýrsla.

Gerð er grein fyrir alþjóðlegum og evrópskum samþykktum sem varða svæðisskipulagsgerðina í 12. kafla um umhverfismat.

***Ályktanir um þýðingu fyrir áætlunargerðina, hvað varðar viðfangsefni og áherslur:***

→ *Tryggt verði að stefna svæðisskipulagsins rími við áherslur gildandi áætlana á landsvísu og alþjóðlegar og evrópskar samþykktir.*

→ *Leitast verði við að nýta gagnasöfn og skýrslur sem varða áherslugreinar svæðisskipulagsverkefnisins og forðast þannig tvíverknað.*



# 5 UPPBYGGING SVÆÐISSKIPULAGS

## 5.1 AUÐLINDIR OG SÉRKENNI SVÆÐISINS

Tiltæk landupplýsingagögn eru nýtt til að setja fram kort af auðlindum svæðisins og sérkennum þess í landslagi og sögu. Það er gert í tvennum tilgangi: 1) Til að lýsa núverandi umhverfi í samræmi við lög um umhverfismat áætlana og 2) til að greina tækifæri til frekari þróunar atvinnulífs, einkum m.t.t. áherslugreina verkefnisins; landbúnaðar, sjávarnytja og ferðaþjónustu. Yfirlitinu og greiningunni er jafnframt ætlað að nýtast við endurskoðun aðalskipulags þegar þar að kemur.

Öll kort verða aðgengileg á verkefnisvefnum www.samtakamattur.is, svo íbúar og aðrir áhugasamir geti nýtt sér þau, t.d. í skólastarfi eða við þróun og kynningu á vörum eða þjónustu.

## 5.2 STAÐA OG ÁSKORANIR SAMFÉLAGSINS

Farið er yfir íbúaþróun og þróun atvinnulífs sl. áratugi og stöðu innviða lýst. Út frá því yfirliti eru greindar helstu áskoranir sem samfélög svæðisins sem heild standa frammi fyrir, s.s. hvað varðar aldurssamsetningu íbúafjöldans, fjölbreytni atvinnulífs, framboð á þjónustu og stöðu stofnkerfa á svæðinu. Af þeirri greiningu eru síðan dregnar ályktanir um viðfangsefni og áherslur fyrir svæðisskipulagsgerðina, m.t.t. áherslugreina verkefnisins; landbúnaðar, sjávarnytja og ferðaþjónustu.

## 5.3 FRAMTÍÐARSÝN OG SVÆÐISMARK

Sett er fram sameiginleg *framtíðarsýn* fyrir sveitarfélögin þrjú sem lýsir, í stuttu máli, þeim árangri sem sveitafélögin vilja ná á næstu 15 árum. Sóknarmarkmið og umhverfis- og skipulagsstefna svæðisskipulagsins skilgreina leiðir að þessum árangri. Sýnin lýsir einnig gildum sem sveitarfélögin munu hafa í hávegum við það starf. Sýninni er ætlað að veita innblástur og vera leiðarljós í því starfi sem framundan er.

FORSENDUGRUNNUR
auðlindir, sérkenni, staða, þróun

| *AUÐLINDIR OG SÉRKENNI* | *STAÐA OG ÞRÓUN* |
|---|---|
| BERGGRUNNUR | MANNAUÐUR OG BÚSETA |
| JARÐVEGUR | ÍBÚÐARBYGGÐ OG FRÍSTUNDABYGGÐ |
| YFIRBORÐSVATN | SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA |
| GRUNNVATN | ATVINNULÍF |
| JARÐHITI | STOFNKERFI |
| GRÓÐUR | |
| LÍFRÍKI | |
| LANDSLAG | |
| SAGA | |
| MINJAR | |
| SÖGUR OG SAGNIR | |

SÓKNARÁÆTLUN
framtíðarsýn, svæðismark, sóknarmarkmið

| | |
|---|---|
| FRAMTÍÐARSÝN | SÓKNARMARKMIÐ: |
| SVÆÐISMARK | LANDBÚNAÐUR |
| | SJÁVARNYTJAR |
| | FERÐAÞJÓNUSTA |

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSTEFNA
landnotkun, verndun, innviðir

| | |
|---|---|
| LANDNOTKUN | VEGAKERFI |
| VERNDUN | STOFNKERFI VEITNA |
| ÁFANGASTAÐIR | ÚRGANGSMÁL |
| FERÐALEIÐIR | NÁTTÚRUVÁ, ÖRYGGISMÁL |

UMHVERFISMAT
umhverfisviðmið, mat, vöktun

| | |
|---|---|
| NÁLGUN | NIÐURSTÖÐUR |

FRAMFYLGD
stjórnun, framkvæmd

| | |
|---|---|
| SAMSTARF | AÐALSKIPULAG |
| FORGANGSRÖÐUN | DEILISKIPULAG |
| VERKEFNAÁÆTLANIR | MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM |
| FJÁRMÖGNUN | FRAMKVÆMDALEYFI |
| | BYGGINGALEYFI |

Drög að framtíðarsýn sem birt eru í þessari greiningarskýrslu (sjá 8. kafla) byggja á sjónarmiðum og hugmyndum sem komu fram á tveimur opnum súpufundum, síðdegisstund með ungu fólki, fundum svæðisskipulagsnefndar og á rýni á fyrirliggjandi stefnuskjölum.

*Svæðismark* lýsir framtíðarsýninni nánar og er sett fram í tvennum tilgangi: Í fyrsta lagi til að styrkja sjálfsmynd samfélaganna með því að draga fram anda og gæði svæðisins og um leið stuðla að því að heimamenn séu meðvitaðri um möguleika til þróunar á grunni þessara gæða. Með því að sameina atvinnugreinar undir einu marki má efla samtakamáttinn. Í öðru lagi er svæðismarki ætlað vekja jákvæða athygli á gæðum svæðisins og tækifærum sem í þeim búa, út á við, og laða þannig að nýja íbúa, fleiri gesti og ný fyrirtæki.

## 5.4 SÓKNARMARKMIÐ

Við mótun stefnu í atvinnu-, samfélags- og umhverfis- og skipulagsmálum, sem birtast mun í svæðisskipulaginu, verður lögð sérstök áhersla á umfjöllun um tækifæri svæðisins í ferðaþjónustu, landbúnaði og nýtingu sjávarfangs. Í þeim tilgangi verður litið til *auðlinda* svæðisins sem felast í náttúru þess og mannauði og *sérkenna* svæðisins hvað varðar landslag, sögu og menningu. Gerð verður grein fyrir öllum helstu *sviðum* samfélags og atvinnulífs; stöðu þeirra og þróun. Á þeim *forsendugrunni* verður mótuð *meginstefna* um þróun þessara sviða og um nýtingu og verndun auðlinda og sérkenna. Skipulagsstefna fyrir *svæði*, *staði* og *innviði* verður síðan útfærð út frá þeirri stefnu.

Við stefnumótunina verður byggt á sameiginlegum áherslum sem þegar má finna í aðalskipulagi sveitarfélaganna og öðrum stefnuskjölum og leitast við að stilla strengi enn frekar saman eftir því sem tilefni þykir til. Þannig verður stuðlað að því að margvísleg verkefni á meginsviðum samfélagsins miði að sameiginlegri framtíðarsýn.

Lögð verður áhersla á að setja fram skýra stefnu sem skilgreinir markmið og leiðir að þeim þannig að svæðisskipulagið þjóni sem sóknar- eða byggðaáætlun svæðisins sem sveitarfélögin geta unnið að í sameiningu og með samvinnu við samtök á svæðinu á næstu árum.

## 5.5 UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSTEFNA

Stefna um landnotkun og grunngerð verður sett fram með þemauppdráttum og skematískum skýringaruppdráttum en ekki með eiginlegum landnotkunar-uppdrætti. Sú stefna verður útfærð nánar með landnotkunarákvæðum og skipulagsskilmálum í aðalskipulagi sveitarfélaganna og deiliskipulagi einstakra svæða. Einnig með fjárhags- og framkvæmdaáætlunum og ýmsum verkefnisáætlunum sveitarfélaganna og samstarfsaðila þeirra.

## 5.6 UMHVERFISMAT

Umhverfisáhrif svæðisskipulagstillögunnar verða metin í samræmi við lög um umhverfisamat áætlana nr. 105/2006. Umhverfismati er ætlað að sjá til þess að umhverfisáhrif séu skoðuð við mótun tillögu og að reynt sé að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Lögð verður fram umhverfisskýrsla með svæðisskipulagstillögunni á formlegum kynningartíma hennar en samkvæmt framangreindum lögum skal haft samráð við Skipulagsstofnun varðandi umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu. Það er gert með því að setja fram svokallaða „matslýsingu“ þar sem lýst er hvernig staðið verður að umhverfismatinu. Lýsingin er sett fram í 11. kafla þessarar greiningarskýrslu.

## 5.7 FRAMFYLGD

Settar verða fram línur um hvernig staðið verður að framfylgd svæðisskipulagsins. Þar gegnir svæðisskipulagsnefnd lykilhlutverki en ástæða kann að vera til að setja á fót víðtækari samstarfsvettvang eða samstarfshópa um ákveðin verkefni. Settar verða fram tillögur að forgangsröðun verkefna og ábyrgðaraðilar tilgreindir.

# 6 AUÐLINDIR OG SÉRKENNI SVÆÐISINS

Í þessum kafla er dregin upp heildstæð mynd af auðlindum svæðisins, núverandi nýtingu og frekari möguleikum. Sett er fram „póstkort“ fyrir hverja auðlind sem jafnframt er einn þáttur umhverfis (umhverfisþáttur), eins og það er skilgreint í lögum um umhverfismat áætlana. Út frá því yfirliti eru settar fram tillögur um viðfangsefni og áherslur svæðisskipulags, m.t.t. þátta sem varða þrjár áherslugreinar verkefnisins (landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu) og eru mikilvægir á svæðisvísu.




## 6.1 BERGGRUNNUR

**Einkenni auðlindar / umhverfisþáttar**

- Berggrunnur svæðisins er einsleitur og gamall á íslenskan mælikvarða. Blágrýti, basískt gosberg, er algengast en það er dökkt og dulkornótt.
- Á afmörkuðum svæðum er súrt gosberg eða rýolít. Það er venjulega ljósgrátt, gulleitt eða bleikt á lit, dulkornótt eða glerkennt. Afbrigði af því eru hrafntinna, biksteinn og perlusteinn.[1]
- Basískt og súrt innskotsberg má finna á stöku stað, s.s. gabbró, dólerít og díórít.
- Merkilegar jarðmyndanir eru t.d. bogadregnir keilugangar, basaltinnskot (stuðlaberg), flikruberg, gabbróinnskot og berg úr hvítu anorthósíts (Hrappsey er einn helsti fundarstaður þess á Íslandi).[2] Ýmsar jarðmyndanir í Breiðafirði njóta sérstakrar verndar.
- Á milli blágrýtislaganna eru víða surtarbrandslög, plöntu- og skeldýrasteingervingar sem bera vitni um hærri sjávarstöðu áður fyrr.

**Núverandi nýting og frekari möguleikar**

- Efni á svæðinu er helst notað í burðarlag og slitlag fyrir vegagerð. Mikið framboð er á burðarlagsefnum, en hörgull á slitlagsefni. Fáar steypuefnisnámur er að finna á svæðinu.
- Grjót úr basaltlögum hentar t.d. í brimvarnir og varnargarða, auk vegagerðar.
- Í aðalskipulagi eru skilgreind 89 efnistökusvæði. Flest þeirra liggja nálægt vegum. Í Reykhólahreppi eru aðallega malarnámur og grjótnámur, setnámur í Dalabyggð og setnámur og storkubergsnámur í Strandabyggð. Í Reykhólahreppi er stefna um að kortleggja silfurbergs- og surtarbrandsnámur.

***Tillögur að viðfangsefnum og áherslum svæðisskipulags***

→ *Staðsetning og umfang efnistökusvæða og umgengni um þau getur haft áhrif á landslag, ásýnd og ímynd svæðisins, einkum þar sem námur eru gjarnan nálægt vegum. Því verði í svæðisskipulaginu sett fram almenn stefna um efnistöku til nánari útfærslu í aðalskipulagi.*

→ *Í samræmi við áherslur sveitarfélaganna í aðalskipulagi verði lögð áhersla á að fækka efnistökusvæðum.*

[1] http://www.namur.is/jardmyndanir-og-landslag/grunnur-lands/

[2] Verndaráætlun Breiðafjarðar




## 6.2 JARÐVEGUR

**Einkenni auðlindar / umhverfisþáttar**

- Á svæðinu er aðallega sortujörð en það er eldfjallajarðvegur sem er algengasta jarðvegstegund á Íslandi. Sortujörð á svæðinu skiptist í brúnjörð, votjörð og svartjörð. Henni er hætt við rofi þegar hún er illa varin af gróðri.[3]
- Glerjörð, þ.e. tegundir hennar melajörð og malarjörð, sem einnig er eldfjallajarðvegur, er að finna á svæðinu upp til fjalla og heiða þar sem er lítt gróið land.
- Á votlendissvæðum er mójörð, með háu hlutfalli lífrænna efna (>20%).
- Leirmagn er mest í sortujörð af gerðinni votjörð og brúnjörð.[4]
- Í Dölum er mesta magn af hvarfleir sem vitað er um hérlendis og finnst leirinn víða í dalbotnum og sjávarbökkum. Leirinn er grár að lit og að uppruna jökulgormur, sem jökulár hafa borið til sjávar, og þar sem hann hefur fallið til botns. Samfelld leirsvæði eru fyrir botni Hvammsfjarðar, einkum í Hörðudal, Miðdal, Laxárdal og Ytri-Fagradal og er svokallaður Búðardalsleir myndaður á þennan hátt. Talið er að um 40 milljónir tonna af leir séu í mynni Laxárdals.

**Núverandi nýting og frekari möguleikar**

- Túnrækt er fyrst og fremst á sortujörð, svo og skógrækt, en einnig á mójörð.
- Í kjarr- og skóglendi má búast við að jarðvegurinn sé að auka hlutfall sitt af lífrænum efnum.
- Svokallaður Búðardalsleir hefur verið unninn á Skarðsströnd. Leirinn hefur m.a. verið notaður í keramik og mögulegt væri að nýta hann frekar.

***Tillögur að viðfangsefnum og áherslum svæðisskipulags***

→ *Mikilvægi jarðvegs fyrir eina áherslugrein svæðisskipulagsins, landbúnað, gefur tilefni til að mörkuð sé sameiginleg stefna um landnotkun, beitarstjórnun og varnir gegn jarðvegsrofi.*

→ *Í samræmi við landsskipulagsstefnu verði þess gætt að landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti.*

---

[3]http://gatt.lmi.is/geoportal122/catalog/search/resource/details.page?uuid=%7B4B523D53-AD96-4D93-A012-7185974905AF%7D

[4] http://www.moldin.net/uploads/3/9/3/3/39332633/jardvegskort_2.pdf




## 6.3 YFIRBORÐSVATN

**Einkenni auðlindar / umhverfisþáttar**

- Yfirborðsvatn er mikið á svæðinu enda berggrunnur þéttur.
- Vötn á heiðum eru mörg og þar er silung víða að finna.
- Stórar og smáar dragár, lækir og fossar eru um allt svæðið. Rennsli ánna er mjög háð veðurfari, þær vaxa fljótt í rigningum en þorna í þurrkum og frostum. Hitastig þeirra fylgir því yfirleitt lofthita og þær verða oft kolmórauðar af framburði í vatnavöxtum.[5]
- Dýrmætar og þekktar veiðiár eru á svæðinu, margar í Dölum en einnig í Strandabyggð og Reykhólahreppi.
- Syðsti hluti Drangajökuls markar nyrsta odda svæðisins. Að honum má t.d. komast frá Kaldalóni. Jökullinn er sá fimmti stærsti á Íslandi og hefur hopað minna síðustu ár en aðrir jöklar landsins.[6]

**Núverandi nýting og frekari möguleikar**

- Svæðið býður upp á fjölbreytta upplifun og nýtingu í tengslum við vatn og veiði.
- Lax- og silungsveiði er víða í ám og vötnum. Veiðin er ein af þeim hlunnindum sem í dag gefa hvað mestar tekjur.[7]
- Margir litlir fossar bjóða upp á áhugaverða upplifun víða um svæðið.
- Farið er gangandi, á vélsleðum og vel útbúnum jeppum á Drangajökul og hefur hann því þýðingu fyrir ferðaþjónustu á svæðinu.

***Tillögur að viðfangsefnum og áherslum svæðisskipulags***

→ *Yfirborðsvatn á svæðinu hefur mikla þýðingu fyrir allar áherslugreinar svæðisskipulagsins; landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu. Mörkuð verði sameiginleg stefna sveitarfélaganna út frá því sjónarhorni.*

→ *Hreinleiki yfirborðsvatns verði tryggður til að viðhalda lífríki og nýtingarmöguleikum.*

→ *Unnið verði með vatn sem þema í uppbyggingu ferðaþjónustu.*

---

[5] http://www.ni.is/jord/vatn/ar-og-votn
[6] http://utgafa.ni.is/Arsskyrslur/NI_Arsskyrsla_2015.pdf
[7] http://www.angling.is/is/




## 6.4 GRUNNVATN

**Einkenni auðlindar / umhverfisþáttar**

- Berggrunnur svæðisins er nokkuð þéttur á íslenskan mælikvarða sem gerir það að verkum að lítil lekt er á svæðinu og grunnvatn flæðir illa í gegnum jarðlög, sérstaklega þar sem berg er eldra.
- Grunn- og yfirborðsvatnshlot á svæðinu eru ekki talin í hættu skv. landsþekjandi stöðuskýrslu frá 2013.
- Á Breiðafjarðareyjum er jarðvegur víðast hvar grunnur sem veldur vatnsskorti og eru mýrar helstu forðabúr neysluvatns á eyjunum.

**Núverandi nýting og frekari möguleikar**

- Á svæðinu eru bæði samveitur og einkaveitur. Fyrir flestar samveitur hafa verið afmörkuð vatnsverndarsvæði (brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði) í aðalskipulagi.
- Litlar rannsóknir hafa verið gerðar á neysluvatnsmálum á svæðinu en alvarleg vandamál eru ekki þekkt. Möguleikar til frekari nýtingar fyrir íbúa og atvinnulíf ættu því að vera góðir.
- Vatn til matvælaframleiðslu er gott og mögulegt er að auka umsvif framleiðslu á svæðinu.

***Tillögur að viðfangsefnum og áherslum svæðisskipulags***

→ *Aðgát verði höfð við framkvæmdir nálægt grunnvatnssvæðum til að tryggja vatnsgæði.*

→ *Séð verði til þess að vatnsból verði afgirt og engar framkvæmdir sem geta ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra.*

→ *Gott neysluvatn snertir allar áherslugreinar svæðisskipulagsins; ferðaþjónustu, landbúnað og sjávarnytjar. Tilefni er því til að marka sameiginlega stefnu um það í því samhengi.*

→ *Ákvarðanir um uppbyggingu, s.s. í ferðaþjónustu, taki mið af aðgengi að neysluvatni.*

→ *Tekið verði mið af vatnsskorti á Breiðafjarðareyjum við þróun ferðaþjónustu á eyjunum.*




## 6.5 JARÐHITI

**Einkenni auðlindar / umhverfisþáttar**

- Ekki hefur gosið á svæðinu í nokkur milljón ár og berglög svæðisins eru gömul á íslenskan mælikvarða. Þau eru elst nyrst og yngjast þegar sunnar dregur.
- Á svæðinu er þó að finna nokkurn jarðhita sem er áhugavert í ljósi þess að jarðhiti er yfirleitt tengdur eldvirkni. Tilgáta er um að þetta séu leifar forns jarðhita sem var virkur fyrir milljónum ára þegar svæðið var eldvirkt.[8] Kulnaðar megineldstöðvar eru við Reiphólsfjöll, Króksfjörð, Flatey, Hrappsey, Sælingsdal og Kollafjörð.
- Víða má finna lághitasvæði, hveri og laugar, jafnvel í fjörum og sjó sem er mjög sérstakt.

**Núverandi nýting og frekari möguleikar**

- Jarðhiti er einn grundvöllur þörungaverksmiðju og saltverksmiðju á Reykhólum. Þar er einnig allt húsnæði hitað með jarðhita.
- Hitaveita Dalabyggðar nýtir jarðhita í Reykjadal og er það leitt til Búðardals. Þar eru frekari nýtingarmöguleikar í framtíðinni. Auk þess er hitaveita á Laugum í Sælingsdal. Í Strandabyggð er jarðhiti á nokkrum stöðum og borað hefur verið víða en ákvörðun um framkvæmdir hefur ekki verið tekin.[9]
- Stefna aðalskipulags sveitarfélaganna er að sem stærstur hluti byggðar á svæðinu njóti hitaveitu.
- Sundlaugar með jarðhitavatni eru á Reykhólum, í Búðardal, Sælingsdal og Djúpadal. Náttúrulaugar sem hafa verið nýttar til baða er t.d. að finna í Sælingsdal og Fellsendaskógi.
- Mögulegt væri að nýta jarðhitann til uppbyggingar fjölbreyttrar heilsutengdrar ferðaþjónustu en vísir að henni eru þaraböð á Reykhólum. Þar hafa jafnframt verið uppi hugmyndir um frekari uppbyggingu á þeim nótum.

***Tillögur að viðfangsefnum og áherslum svæðisskipulags***

→ *Í svæðisskipulaginu verði mörkuð stefna um nýtingu jarðhita til ferðaþjónustu, í landbúnaði og við frekari nýtingu sjávarnytja. Í því samhengi verði t.d. rætt um ylrækt, gróðurhús, þurrkun, smáiðnað, fiskeldi, heilsuböð og snjóbræðslu eða frostvörn í götum og jarðvegi.*

[8] http://www.visindavefur.is/svar.php?id=70356

[9] www.strandabyggð.is, glærur um hitaveitu á Hólmavík á almennum fundi Atvest í febrúar 2016




## 6.6 SJÓR

**Einkenni auðlindar / umhverfisþáttar**

- Svæðið liggur fyrir botni þriggja stórra fjarða eða flóa; Breiðafjarðar, Ísafjarðardjúps og Húnaflóa. Auk þess skerast inn í svæðið fjölmargir stórir og smáir firðir.
- Breiðafjörður er eina verndaða hafsvæðið við Ísland enda er landslag og lífríki þar einstakt, sem og búsetusaga. Fjörðurinn er stærsta grunnsævi landsins og mikill munur er á flóði og fjöru, eða allt að 5 m á stórstraumi. Fyrir vikið skapast nýtt landslag á hverjum degi; sker, hólmar og leirur rísa úr sæ og sökkva sama sólarhringinn. Við þessar aðstæður hefur skapast fjölbreytt og mikið lífríkið (sjá kafla um lífríki) sem hefur gefið ýmiskonar hlunnindi fyrir sveitirnar í kring og veitt möguleika á búsetu í eyjunum. Jarðhiti í sjó og fjörum er óvíða meiri.[10] Í Breiðafirði eru miklir „þaraskógar“ og meira en helmingur af grjót- og klettaströnd landsins þar sem mikil framleiðsla er á þangi, s.s. bóluþangi og klóþangi[11]. Sigling um Breiðafjörð getur verið hættuleg vegna strauma. Í Breiðafirði er mest hreyfiorka sjávarfalla á landinu öllu, sérstaklega í mynni Hvammsfjarðar[12].
- Ísafjarðardjúp klýfur nánast Vestfjarðakjálkann í sundur og er einn dýpsti fjörður landsins. Dýpið er þó talsvert minna innst í Ísafirði, sem er langur og mjór og markar norðvestur enda svæðisins.
- Húnaflói greinir Vestfirði frá Norðurlandi og þar er mikið misdýpi. Vesturhluti Húnaflóa sem liggur að svæðinu skerst inn í landið með þremur mjóum fjörðum, tveimur alldjúpum, Steingrímsfirði og Bitrufirði og einum mjög grunnum, Kollafirði[13]. Við flóann er reki algengur, sellátur eru víða og stundum má koma auga á hval.

**Núverandi nýting og frekari möguleikar**

- Hafnir eru í þorpunum þremur og við Breiðafjörð eru víða smærri bryggjur og lendingar eða minjar um slík mannvirki.
- Við strönd og á sjó er fjölbreytt nýting hlunninda, s.s. rekaviðar, þara, salts, skelfisks, æðardúns og eggja. Saltverksmiðja og þörungaverksmiðja eru á Reykhólum. Möguleikar liggja í frekari vöruþróun úr því hráefni.

---

[10] http://breidafjordur.is/Breidafjardarnefnd/Verndaraaetlun/index.htm
[11] https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Hvitbok_natturuvernd_03.pdf
[12] Starfshópur um sjávarorku (2015). Greinargerð um mat á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku.
[13] http://firdir.hafro.is/firdir-a-island/vestfirdir/strandir/

- Fiskveiðar og -vinnsla er í Búðardal og á Hólmavík og lítilsháttar á Reykhólum. Meðal tegunda sem veiðast á svæðinu eru ýsa, þorskur, hrognkelsi, flatfiskur, rækja, hörpudiskur og beitukóngur.
- Kræklingaveiðar og -rækt er stunduð í Breiðafirði og Steingrímsfirði[14].

***Tillögur að viðfangsefnum og áherslum svæðisskipulags***

→ *Mörkuð verði stefna um sjálfbæra nýtingu auðlinda Breiðafjarðar.*

→ *Lögð verði áhersla á þróun ferðamennsku í tengslum við sjóinn, s.s. sjóstangaveiði og bátsferðir til landslags- og náttúruskoðunar (ernir, selir, hvalir, fuglar). Hugað verði að nýtingu hafna og gamalla lendingarstaða í því samhengi.*

→ *Saga hlunnindanýtingar og samgangna fyrri tíma verði dregin fram í því samhengi. Einnig lífríki hafsins.*

→ *Rætt verði um hugmyndir um nýtingu sjávarfalla í minni Hvammsfjarðar.*



[14] http://www.mast.is/matvaelastofnun/eftirlitsnidurstodur/skelfiskur/




## 6.7 GRÓÐUR

**Einkenni auðlindar / umhverfisþáttar**

- Mó- og graslendi með smágerðum gróðri er ríkjandi á láglendi. Votlendi er að finna við Hvammsfjörð og í dölum upp frá honum, á vestanverðri Skarðsströnd og við strönd Reykhólasveitar. Þau eru mikilvæg vistkerfi með fjölskrúðugu fuglalífi. Votlendi er einnig inn til landsins, s.s. í grennd við Laxárdalsheiði og á milli Steingrímsfjarðar og Bitrufjarðar. Upp til fjalla og heiða er annars ýmist mosi eða lítt gróið land. Tún eru við strendur og inn til dala.
- Eyjar á svæðinu eru grösugar og sumar með gróskumiklum hvannaskógum[15]. Gróðurfar er fjölbreyttara í eyjum nær landi en þeim sem eru fjær.
- Á svæðinu eru verulegir og merkilegir sjálfsánir birkiskógar og kjarr. Þeir eru lykilvistkerfi í náttúru Íslands og leifar af skóginum sem þakti e.t.v. 25-40% lands fyrir landnám[16]. Samkvæmt gagnagrunni Skógræktarinnar 2014 eru alls 18.612 ha birkis á svæðinu sem skiptist þannig: 3.620 ha í Strandabyggð, 5.924 ha í Dalabyggð og 9.068 ha birki í Reykhólahreppi.[17]
- Berjaland er víða, s.s. krækiber, bláber, aðalbláber og einnig má finna hrútaber í birkiskógunum. Þá er ætisveppi að finna á svæðinu. Af sjaldgæfum gróðri má nefna flæðarbúa, flétttuna músanafla, brenninetlu og saltadý.

**Núverandi nýting og frekari möguleikar**

- Tún og beitarland gegna mikilvægu hlutverki fyrir landbúnað á svæðinu.
- Nýræktun skóga, undir hatti Vesturlandsskóga og Skjólskóga á Vestfjörðum (nú Skógræktarinnar), er stunduð allvíða, mest í Dölunum.[18]
- Möguleikar eru til frekari túnræktar, beitar og nýræktunar skóga.

***Tillögur að viðfangsefnum og áherslum svæðisskipulags***

→ *Mikilvægi birkiskóga á svæðinu verði dregið fram í stefnumótun um landbúnað og ferðaþjónustu. Mörkuð verði stefna um verndun þeirra og nýtingu en verndun birkiskóganna og almenn gróðurvernd er veigamikill þáttur í Parísarsamþykktinni um loftslagsmál sem Ísland hefur undirgengist.*

→ *Mörkuð verði stefna um nýtingu grasa og jurta til vöruþróunar.*

→ *Mörkuð verði stefna um verndun og endurheimt votlendis til verndunar lífríkis og til að binda koldíoxíð sem er aðaláhrifaþáttur í hnattrænum loftslagsbreytingum.*

---

[15] https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/vesturland/breidafjordur/

[16] https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Hvitbok_natturuvernd_03.pdf

[17] Umsögn Skógræktarinnar um verkefnislýsingu svæðisskipulags.




## 6.8 LÍFRÍKI

**Einkenni auðlindar / umhverfisþáttar**

- Svæðið á hlutdeild í hinum einstaka Breiðafirði þar sem samspil eyja, skerja, grunnsævis og fjara hefur skapað sérstakar aðstæður fyrir tegundaríkt lífríki. Fjölskrúðugt lífríkið er enda ein meginforsenda verndunar Breiðafjarðar og á sér ekki sinn líka annars staðar á landinu. Það á ekki síst við um fuglalíf sem aftur byggir afkomu sína á smádýrum í grunnsævinu. Þúsundir fuglategunda eiga varpstöðvar í Breiðafirði og við hann.[18]
- Hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi eru flest skilgreind svo vegna lífríkis. Sama á við um mörg svæðanna sem eru á náttúruminjaskrá.
- Vötn, ár og votlendi eru einnig mikilvæg búsvæði fyrir lax, silung og fugla.
- Meirihluti hafarnarstofnsins (70%) er við Breiðafjörð og í Króksfjarðarnesi er Arnarsetur Íslands. Um 160 þúsund rauðbrystingar koma við í Breiðafirðinum á hverju vori á leið sinni til Grænlands og Kanada. Stundum má sjá tugi þúsunda þeirra í einum hópi taka upp af leirunum í leit að hvíldarstað yfir háflóð.
- Mikill fjöldi sela hefst við bæði í Breiðafirði og við Húnaflóa.
- Fulltrúar allra íslenskra landspendýra eru til staðar á svæðinu; tófa, minkur, hagamús, húsamús og brúnrotta.
- Á miðju svæðisins frá Saurbæ að Steingrímsfirði eru víða sýnileg steingervingalög með steingerðum plöntum, skordýrum og skeljum.

**Núverandi nýting og frekari möguleikar**

- Nýting æðardúns er mikilvæg tekjulind.
- Á svæðinu er stunduð skotveiði og stangveiði.
- Eggjanýting og selveiðar hafa lengi verið stundaðar, en mikið hefur dregið úr því.
- Svæðið býður upp á einstaka möguleika fyrir ferðaþjónustu tengdri fuglaskoðun og náttúruskoðun almennt.
- Rannsóknir á lífríki svæðisins eru mikilvægur þáttur fyrir ákvarðanir um verndun og nýtingu.

***Tillögur að viðfangsefnum og áherslum svæðisskipulags***

→ *Sett verði fram stefna um að standa vörð um lífríki svæðisins.*
→ *Hverfisverndarsvæði sem eru mikilvæg á svæðisvísu verði fest í sessi og skoðað hvort bæta eigi við svæðum í þann flokk.*
→ *Sett verði fram stefna um að þróa svæðið áfram sem fuglaskoðunarparadís.*

---

[18] Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019




## 6.9 LANDSLAG

**Einkenni auðlindar / umhverfisþáttar**

- Þröngir firðir sem liggja þétt saman, fjölmargir og langir dalir, óteljandi hólmar, eyjar og sker og fjölbreytt og mjög löng strandlengja eru sérkennandi fyrir svæðið. En þar er líka mikið fjalllendi og gróðursnauðar heiðar sem sumstaðar eru þaktar vötnum og tjörnum. Nyrst nær svæðið inn á Drangajökul sem er aðgengilegur frá Kaldalóni. Fjölbreytni landslags er því mikil og býður upp á margskonar upplifun. Mikill munur á flóði og fjöru við Breiðafjörð eykur á margbreytileikann þar sem nýtt landslag birtist við hver sjávarföll.[19]
- Aðgengilegar sandstrendur eru bæði við Breiðafjörð og Húnaflóa.
- Úr sveitunum meðfram ströndinni er víða afar fallegt útsýni til sjávar.
- Svæðið einkennist af friðsæld og ró.

**Núverandi nýting og frekari möguleikar**

- Nokkur þeirra svæða sem skilgreind eru sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi njóta m.a. verndar sem slík vegna sérstæðs landslags.
- Þrátt fyrir há og brött fjöll víða er landslagið greiðfært og hentugt til fjallgangna, gönguferða á sumrin og gönguskíðaiðkunar á veturna.
- Svæðið hentar vel til fjöruferða.
- Breiðafjörðurinn býður upp á að upplifa eyja- og skerjalandslag sem finnst hvergi annars staðar á Íslandi.

***Tillögur að viðfangsefnum og áherslum svæðisskipulags***

→ *Sérkenni landslagsins verði einn af vinklum svæðismarks fyrir svæðið.*

→ *Stefnumótun í ferðaþjónustu miði að því að fjölbreytni og möguleikar til að upplifa og njóta landslagsins verði nýttir við vöruþróun og markaðssetningu.*

→ *Umhverfis- og skipulagsstefna miði að því að virða landslagseinkenni og að unnið sé með þau við mannvirkjagerð og umhverfismótun.*

[19] Vendaráætlun Breiðafjarðar




## 6.10 MINJAR

**Einkenni auðlindar / umhverfisþáttar**

- Ýmsar búskapar- og útgerðarminjar er að finna á svæðinu enda hefur það verið í byggð allt frá landnámi. Ósnertar minjar er líklegast að finna á eyðijörðum og inn til dala, því minjar nær núverandi byggð hafa oft eyðilagst á 20. öldinni.
- Áður fyrr var talsverð byggð í Breiðafjarðareyjunum, bæði fjölmennar verbúðir og merkilegur eyjabúskapur sem hefur nú að mestu lagst af. Í eyjunum var mikið menningarsamfélag á 18. og 19. öld. Fyrsta prentsmiðja landsins var reist í Hrappsey 1773 og fyrsta bókhlaðan í Flatey 1864. Flatey var jafnframt miðstöð verslunar á svæðinu.[20]
- Miklar verstöðvar voru í Bjarnarey, Höskuldsey og á Oddbjarnarskeri. Sérstakt bátalag þróaðist á Breiðafirði og er það merkilegur strandmenningararfur.
- Fáar byggingar hafa varðveist á svæðinu frá fyrri tíð fyrir utan nokkrar friðlýstar byggingar, að mestu leyti kirkjur, og dreifast þær nokkuð jafnt um svæðið.
- Fimm staðir á svæðinu njóta hverfisverndar í aðalskipulagi vegna söguminja.

**Núverandi nýting og frekari möguleikar**

- Byggðasafn Dalamanna er að Laugum í Sælingsdal en minjagripi má skoða víðar s.s. að Eiríksstöðum í Haukadal, í Sauðfjársetrinu á Ströndum, í Galdrasafninu á Hólmavík, í Bátasafninu að Reykhólum og í gamla búnaðarskólanum í Ólafsdal.
- Minjar geta verið innblástur í vöruþróun og markaðssetningu í ferðaþjónustu, landbúnaði og iðnaði.

***Tillögur að viðfangsefnum og áherslum svæðisskipulags***

→ *Sett verði fram stefna um að hlúa að minjum og að nýta þær til að styrkja aðdráttarafl svæðisins til ferðalaga.*

→ *Lögð verði áhersla á að draga fram minjar um sveitalíf, hlunnindabúskap og strandmenningu.*

[20] Verndaráætlun Breiðafjarðar




## 6.11 SÖGUR OG SAGNIR

**Einkenni auðlindar / umhverfisþáttar**

- Svæðið er sögusvið merkra Íslendingasagna. Þar er helst að nefna Laxdæla sögu og Eiríks sögu rauða en einnig Gullþóris sögu. Í Laxdælu segir frá landnámi Auðar djúpúðgu, þekktustu landnámskonunnar, fólki sem með henni kom og afkomendum þeirra, sem margir bjuggu í Laxárdal. Í Eiríks sögu rauða eru feðgarnir Eiríkur og Leifur heppni aðalsögupersónurnar en för þeirra og frægð nær langt út fyrir landsteinana. Í Gullþóris sögu, öðru nafni Þorskfirðinga sögu, segir frá landnámsmönnum í Þorskafirði sem tókust á um gull sem þeim áskotnaðist eftir hernað í Finnmörk í Noregi. Í Landnámabók eru Auðar djúpúðga, Geirmundur Heljarskinn og Úlfur skjálgi tigreind sem „göfugastir“ landnámsmanna. Geirmundur heljarskinn nam land við innanverðan Breiðafjörð og bjó á Skarðsströnd og Úlfur skjálgi nam Reykjanes milli Þorskafjarðar og Hafrafells. Auk þeirra má nefna Steingrím tröll sem nam land í Steingrímsfirði.
- Sturlunga var að öllum líkindum að mestu rituð af Sturlu Þórðarsyni sem bjó á Staðarhóli í Saurbæ. Hún er mikilvæg samtíðarsaga á miklum umbrotatímum á 12. og 13. öld sem veitir innsýn í hugmyndaheim og lífsskoðun Íslendinga á þeim tíma.
- Þjóðsögur eru ráðandi í sagnaarfi norðurhluta svæðisins, ekki síst galdrasögur. Þekkt þjóðsaga tengd landslagi segir af þremur skessum sem ætluðu að moka sund á milli Vestfjarða og Íslands um Gilsfjörð og Kollafjörð en náðu ekki að ljúka verkinu fyrir sólarupprás. Fyrir vikið urðu þær að dröngunum Karli og Kerlingu í Kollafirði og steindrangi þeim sem Drangsnes er. En verkið skilaði Breiðafjarðareyjum og hólmum, skerjum og eyjunni Grímsey á Húnaflóa.[21]

**Núverandi nýting og frekari möguleikar**

- Heimamenn hafa gert sér mat úr sagnaarfi svæðisins, t.d. með uppbyggingu Eiríksstaða, Leifsbúðar í Búðardal, Strandagaldri á Ströndum og þjónustu að Laugum í Sælingsdal.
- Ríkur arfurinn býður upp á að nýta sögur með fjölbreyttari hætti í ferðaþjónustu og vöruþróun í öðrum atvinnugreinum.

***Tillögur að viðfangsefnum og áherslum svæðisskipulags***

→ *Mótað verði svæðismark sem dregur fram merkilegan sagnaarf svæðisins.*

→ *Móta stefnu sem stuðlar að því að gera sögusvið einstakra sagna sýnilegri, í gegnum vöruþróun og/eða við mótun og merkingu umhverfis og mannvirkja.*

[21] https://www.snerpa.is/net/thjod/troll-ve.htm

# 7 STAÐA OG ÁSKORANIR SAMFÉLAGSINS

Í þessum kafla er gefið stutt yfirlit yfir einkenni íbúaþróunar, atvinnulífs, samfélagsþjónustu og stofnkerfa. Út frá því yfirliti eru settar fram tillögur um viðfangsefni og áherslur svæðisskipulags, m.t.t. þriggja áherslugreina verkefnisins (landbúnaðar, sjávarnytja og ferðaþjónustu).




## 7.1 MANNAUÐUR OG BÚSETA

**Einkenni**

- Íbúum á svæðinu hefur fækkað ef litið er til 15 ára tímabilsins 2001-2016.. Árið 2001 bjuggu tæplega 1600 íbúar á svæðinu, en í byrjun árs 2016 voru íbúar um 1400. Tæplega 680 bjuggu þá í Dalabyggð, rúmlega 260 í Reykhólahreppi og rúmlega 460 í Strandabyggð.
- Meirihluti íbúa býr í dreifbýlinu eða 52%. Í byrjun árs 2016 bjuggu á Hólmavík bjuggu um 340 íbúar, í Búðardal um 260 og á Reykhólum um 135 manns.[22]
- Hlutfall eldri íbúa af heildaríbúafjölda hefur hækkað en hlutfall barna lítillega lækkað. Þannig voru íbúar eldri en 65 ára 19,5% af íbúafjölda svæðisins árið 2016 en um 16% árið 2001. Börn yngri en 15 ára voru tæp 20% af íbúafjöldanum árið 2016 en árið 2001 var samsvarandi hlutfall 20,5%.
- Hlutfall karla af íbúafjöldanum er um 1% hærra nú en árið 2001. Árið 2016 voru karlar 52,1% íbúa en konur 47,9%. Samsvarandi tölur fyrir landið allt eru 50,3% og 49,7%. Jákvætt er þó að hlutfall kvenna á aldrinum 25-35 ára hefur hækkað, úr 10,9% árið 2001 í 11,7% árið 2016 og eru þær fleiri en karlar á sama aldri.

***Tillögur að viðfangsefnum og áherslum svæðisskipulags***

→ *Mótuð verði stefna um að laða að nýja íbúa með því að vekja athygli á tækifærum sem svæðið býður.*

[22] Ath. kortið hér til hliðar byggir á gögnum frá Landmælingum Íslands október 2016. Þau kunna að sýna búsetu þar sem ekki er lengur búseta.




## 7.2 ÍBÚÐARBYGGÐ OG FRÍSTUNDABYGGÐ

**Einkenni**

- Íbúðarbyggðin þræðir strendur og dali.[23] Frístundabyggðin einnig, en hún er mest áberandi á Skógarströnd, í Dölum, á Fellsströnd, milli Barðastrandar og Reykhóla og fyrir botni Steingrímsfjarðar og Ísafjarðar.
- Á Breiðafjarðareyjum eru víða byggingar en heilsársbúseta er aðeins í Flatey.

***Tillögur að viðfangsefnum og áherslum svæðisskipulags***

→ *Mótuð verði stefna sem miðar að því að svæðið verði ákjósanlegt fyrir frístundabyggð því hún getur stutt við heilsársbyggð, t.d. með nýtingu á þjónustu á svæðinu.*

[23] Ath. kortið hér til hliðar byggir á gögnum frá Landmælingum Íslands október 2016. Þau kunna að sýna búsetu þar sem ekki er lengur búseta..




## 7.3 SAMFÉLAGSÞJÓNUSTA

**Einkenni**

- Þjónusta á svæðinu er að mestu í þorpunum þremur, þ.m.t. stjórnsýsla.
- Grunn- og leikskólar eru í Búðardal, á Hólmavík og Reykhólum.
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur útibú á Hólmavík þar sem í boði er nám af ýmsu tagi. Dalabyggð er aðili að Símenntunarmiðstöð Vesturlands.
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands er með starfsstöðvar í Búðardal og á Hólmavík. Stöðin í Búðardal sinnir einnig Reykhólahreppi.
- Hjúkrunarheimili eru á Reykhólum, í Búðardal og á Fellsenda í Miðdölum. Hjúkrunardeild er við heilsugæslustöðina á Hólmavík.
- Slökkvistöðvar er í þéttbýlunum og er samstarf á milli slökkviliðanna í Reykhólahreppi og í Dalabyggð.
- Matvöruverslanir eru í öllum þremur byggðarkjörnunum.
- Sundlaugar eru á Hólmavík, Reykhólum, í Búðardal, Sælingsdal, Djúpadal og Bjarnarfirði.
- Samkomuhús eða félagsheimili eru Árblik í Miðdölum, Dalabúð í Búðardal, Staðarfell á Fellsströnd, Tjarnarlundur í Saurbæ, Vogur í Flatey og Félagsheimilið á Hólmavík. Í Reykhólahreppi hefur íþróttahúsið á Reykhólum verið nýtt sem félagsheimili. Áður voru félagsheimili í Króksfjarðarnesi (Vogaland), á Ströndum (Sævangur) og að Nauteyri á Langadalsströnd en þau hús hafi fengið nýtt hlutverk, t.d. er í Sævangi nú rekið Sauðfjársetur og á Nauteyri er safn og fræðimannasetur til minningar um skáldið Stein Steinarr og kallast húsið nú Steinshús.
- Fjölmargar kirkjur eru á svæðinu[24]. Í Strandabyggð eru: Melgraseyrarkirkja, Nauteyrarkirkja, Staðarkirkja, Hólmavíkurkirkja, Kollafjarðarneskirkja, og Óspakseyrarkirkja. Í Dalabyggð eru: Narfeyrarkirkja, Breiðabólsstaðarkirkja, Snóksdalskirkja, Kvennabrekkukirkja, Stóra-Vatnshornskirkja, Hjarðarholtskirkja, Hvammskirkja, Staðarfellskirkja, Dagverðarneskirkja, Skarðskirkja og Staðarhólskirkja. Í Reykhólahreppi eru: Garpsdalskirkja, Reykhólakirkja, Staðarkirkja, Gufudalskirkja, Skálmarnesmúlakirkja og Flateyjarkirkja.

***Tillögur að viðfangsefnum og áherslum svæðisskipulags***

→ *Mótuð verði stefna sem miðar að því að beina þjónustu í þéttbýlin. Ferðaþjónusta verði þó bæði í þéttbýli og dreifbýli.*

→ *Mótuð verði stefna sem stuðlar sem best að nýtingu mannvirkja í dreifbýli, s.s. í tengslum við ferðaþjónustu.*

[24] http://www.kirkjukort.net/




## 7.4 ATVINNULÍF

**Einkenni**

- Ráðandi landbúnaðargreinar á svæðinu eru sauðfjárrækt og nautgriparækt/mjólkurframleiðsla. Í lok árs 2015 voru 16 kúabú í Dalabyggð (þar af 13 með mjólkandi kýr) og 9 í Reykhólahreppi (6 með mjólkandi kýr). Ekkert kúabúa er í Strandabyggð.[25] Í nóvember 2015 voru 161 sauðfjárbú á svæðinu, þar af 96 í Dalabyggð, 31 í Reykhólahreppi og 34 í Strandabyggð.[26] Sjö bæir taka þátt í verkefninu Beint frá býli og eru tveir þeirra með gæðavottun verkefnisins „Frá fyrstu hendi“.[27] Eitt bú er með lífræna vottun.[28]
- Mjólkurstöð með ostagerð er í Búðardal.
- Hlunnindi ýmiskonar á sjó og landi eru nýtt víða.
- Skógrækt sem aukabúgrein er nokkur á svæðinu. Árið 2016 voru 6 landeigenda í Strandabyggð, 8 í Reykhólahreppi og 32 í Dalabyggð með samning við Skógræktina um skógrækt á alls 4221 ha lands.[29]
- Útgerð og fiskvinnsla er stunduð á Hólmavík og þar hefur rækjuvinnsla verið umfangsmikil. Á Reykhólum hefur m.a. verið gert út á beitukóng. Frá Skarðsstöð á Skarðsströnd er m.a. gert út á grásleppu og í Búðardal er fiskvinnsla með aðfluttan fisk.
- Þörungaverksmiðjan og Saltverksmiðjan á Reykhólum eru mikilvægar fyrir atvinnulíf svæðisins.
- Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein jafnt í þéttbýli sem sveitum. Hún felst t.d. í gistingu, veitinga- og afþreyingarþjónustu.
- Þó nokkur störf á svæðinu eru í skólum, við félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu.

***Tillögur að viðfangsefnum og áherslum svæðisskipulags***

→ *Mótuð verði stefna sem miðar að því að viðhalda og styrkja landbúnað, ferðaþjónustu og nýtingu sjávarfangs.*

---

[25] Byggðastofnun 2016. Dreifing nautgripa á Íslandi, https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdabrunnur/nautgriparaekt.pdf
[26] Byggðastofnun 2016. Dreifing sauðfjár á Íslandi, https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdabrunnur/dreifing_saudfjarbua.pdf
[27] http://www.beintfrabyli.is/
[28] Vottunarstofan Tún, http://tun.is/
[29] Umsögn Skógræktarinnar um lýsingu svæðisskipulagsverkefnis 17.7.2016.




## 7.5 STOFNKERFI

**Einkenni**

- Tveir stofnvegir liggja að frá suður- og norðurenda svæðisins og tengja það við önnur svæði. Að vestanverðu liggur Vestfjarðavegur frá þjóðvegi 1 í Norðurárdal um Bröttubrekku, Búðardal, framhjá Reykhólum og áfram vestur og svo norður, allt til Ísafjarðar. Að austanverðu liggur Innstrandavegur frá þjóðvegi 1 í botni Hrútafjarðar og þræðir Bitrufjörð, Kollafjörð og Steingrímsfjörð að Hólmavík. Þaðan liggur hann um Steingrímsfjarðarheiði og Djúp til Ísafjarðarbæjar. Þessir tveir aðalvegir tengjast með stofnvegi um Arnkötludal (Þröskulda). Þá liggur Snæfellsnesvegur frá gatnamótum við Haukadal, eftir Skógarströnd að Stykkishólmi.
- Helstu tengivegir á svæðinu eru: Þorskafjarðarvegur frá samnefndum firði upp á miðja Steingrímsfjarðarheiði. Klofningsvegur um Fellsströnd og Skarðsströnd. Laxárdalsvegur um Laxárdalsheiði að Borðeyri. Haukadalsvegur um Haukadal að Þjóðvegi 1 á Holtavörðuheiði. Hálsbæjarvegur liggur um Miðdali á milli Vestfjarðavegar og Snæfellsnesvegar á norðanverðu nesinu. Heydalsvegur liggur frá Skógarströnd yfir á Snæfellsnesveg á sunnanverðu nesinu. Aðrir helstu vegir eru sýndir á kortinu hér til hliðar.
- Við Búðardal, Reykhóla og Hólmavík eru flugbrautir með malarslitlagi.
- Í gegnum svæðið liggur meginflutningslína Landsnets.[30] Línan er 132 kv og skiptist í þrjá kafla; Glerárskógarlínu, Geiradalslínu og Mjólkárlínu. Dreifikerfi RARIK sér um aðra dreifingu raforku um svæðið.
- Ljósleiðari liggur eftir endilöngu svæðinu að vestanverðu og yfir Laxárdalsheiði. Nýlega var lagður ljósleiðari frá Hólmavík og suður Strandir og framundan er lagning ljósleiðar í Reykhólahreppi.
- GSM samband er á svæðinu en þó eru víða blettir þar sem það dettur út. 3G samband er víðast þar sem er byggð. 4G samband er hinsvegar aðeins á takmörkuðu svæði upp til heiða og fjalla og einungis á vegum eins fyrirtækis af þremur sem eru með fjarskiptaþjónustu á svæðinu.[31]

***Tillögur að viðfangsefnum og áherslum svæðisskipulags***

→ *Mótuð verði stefna um fjarskipti og vegakerfi sem tryggir góð tengsl á milli sveitarfélaganna og helstu áfangastaða innan þeirra og við nágrannasveitarfélög.*
*Sérstök áhersla verði lögð á bættar vegtengingar við Þjóðveg 1.*

---

[30] http://www.landsnet.is/raforkukerfid/
[31] https://vodafone.is/internet/4g-net/thjonustusvaedi/
https://www.nova.is/farsimi/thjonustusvaedi/
https://www.siminn.is/english/support/coverage/

# 8 FRAMTÍÐARSÝN OG LEIÐARLJÓS

## 8.1 ATVINNULÍF BYGGT Á AUÐLINDUM OG SÉRKENNUM

Framtíðarsýnin er þessi: Landbúnaður, sjávarnytjar og ferðaþjónusta eru meginatvinnugreinar svæðisins. Þróun atvinnulífs byggi til framtíðar á auðlindum og sérkennum svæðisins. Atvinnulíf jafnt sem mannlíf einkennist af mikilli umhyggju og virðingu fyrir náttúru og sögu svæðisins. Staðarandinn styrkist og verðmæti framleiðsluvöru aukist.



## 8.2 RÍK UMHYGGJA, STERKAR RÆTUR OG EINSTÖK RÓ

Eftirfarandi einkenni svæðisins verði höfð að leiðarljósi við alla starfsemi á svæðinu:

1. Svæði þar sem **rík umhyggja fyrir lífríki, búfé og fólki** birtist í heilbrigðum vistkerfum, dýravernd, hágæða matvælum og samkennd í og milli samfélaga.
2. Svæði þar sem **sterkar rætur samfélagsins** birtast í virðingu fyrir minjum og sögu.
3. Svæði þar sem **sækja má einstaka ró** frá áreiti hversdagsins í fögru og síbreytilegu landslagi og öruggu umhverfi.



# 9 SVÆÐISMARK

## 9.1 STYRKING ÍMYNDAR, EFLING SJÁLFSMYNDAR

Svæðismark er lýsing - með orðum, myndum og táknum - á sérkennum, staðaranda og mannlífi svæðis. Því er ætlað að stuðla að samræmdri kynningu á upplifun, vöru og þjónustu sem er í boði svæðinu, með því að segja „sögu“ þess með samræmdum markvissum hætti. Tilgangurinn er að styðja við atvinnulíf svæðisins með því að styrkja ímynd þess og laða þannig að ferðamenn, fyrirtæki, fjárfesta og nýja íbúa.

Mark þarf að byggja á og endurspegla sýn íbúa á svæðið sítt; umhverfi þess, mannlíf og sögu. Með því er það til þess fallið að að efla sjálfsmynd samfélagsins um leið og ímyndin styrkist út á við.

*Tillaga að svæðismarki fyrir Dalabyggð, Reykhólahrepp og Strandabyggð er hér sett fram í máli og myndum út frá greiningu skipulagsráðgjafa á gögnum um svæðið (sbr. 6. og 7. kafla) og túlkun þeirra á þeim hugmyndum og sjónarmiðum sem hafa komið fram á samráðsfundum um svæðisskipulagsverkefnið sem haldnir hafa verið til þessa. Óskað er eftir áliti íbúa og annarra hagsmuna- og umsagnaraðilavið á uppbyggingu og framsetningu marksins en í næsta áfanga vinnunnar verður það útfært nánar.*

Sóknarmarkmið sem sett verða fram fyrir áherslugreinar svæðisskipulagsins, landbúnað, sjávarnytjar og ferðaþjónustu, í 10. kafla munu taka mið af svæðismarkinu. Umhverfis- og skipulagsstefna sem sett verður fram í 11. kafla styður síðan við sóknarmarkmiðin.

| |
|---|
| SVÆÐISSMARK<br>sjálfsmynd, ímynd, upplifun staðarandi |
| SÓKNARMARKMIÐ<br>nýting, þróun |
| UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSTEFNA<br>landnotkun, verndun, stofnkerfi |

## 9.2 SVÆÐISMARK BYGGT Á SÖGUÞRÁÐUM

Hér er lagt til að mark Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar segi þá sögu hvernig meginatvinnugreinar svæðisins; landbúnaður, sjávarnytjar og ferðaþjónusta, tengjast og birtast í umhverfi og menningu. Lögð verði áhersla á að draga fram söguþræði sem gefa svæðinu sérstöðu og snúa að landslagi, sögum, auðlindum, hlunnindum, nýtingu og mannlífi.



# 9.3 SÖGUSVIÐ

Sögusvið fyrir söguþræðina er svæðið sjálft sem má skipta í tvo megin hringi; annan sem nær yfir norðurhlutann og hinn yfir suðurhluta. Hvor um sig hefur sín landslagssérkenni. Þriðji hringurinn er svo Breiðafjörðurinn með sitt einstaka eyja- og skerjalandslag. Megin hringirnir tveir elta þá vegi svæðisins sem gefa möguleika á að ferðast um það eftir leið sem liggur eins og tölustafurinn 8. Meðfram þeirri leið er aðalbyggð og þjónusta svæðisins og út frá henni liggja þræðir byggðarinnar meðfram ströndum og inn firði og dali. Úr verður mynd sem minnir á form sem finna má í lífríki, landslagi, menningu og framleiðsluvöru svæðisins.[32]

Á samráðsfundi með íbúum kom fram sú hugmynd að kalla leiðina um hringina tvo „Vesturáttuna“ (á ensku mætti kalla hana West 8). Það er skemmtilegt heiti af því orðið „vestur“ og tvíhringjaformið, dregur fram að svæðið tilheyrir tveimur landshlutum – Vesturlandi og Vestfjörðum. Þessir landshlutar lykkjast saman í Gilsfirði. Á þeim slóðum er einnig miðja skipulagssvæðisins, sá punktur þar sem mörk sveitarfélaganna mætast og aðalvegtenging á milli vesturs og austurs, norðurs og suðurs. Mót hringjanna tveggja geta því verið táknræn í margvíslegu tilliti.




[32] Ljósmyndir á næstu bls: fiskifrettir.is (þang), matis.is (Strandaber), nmsi.is/ (egg), bbl.is (rúllupylsukeppni í Þurranesi), Facebook-síða Icelandic Eiderdown Design (ullarlagður), strandir.is (Sauðfjársetur á Ströndum), sarpur.is (högld frá Skarðsströnd), buvest.is (Hrútaskrá), west.is (haförn, eyjar og sker), erpsstadir.is (Skyrkonfekt), landogsaga.is (Flatey), nyp.is (þari), visir.is (rekaviður), icelandeider.is (æðardúnn), kayakklúbburinn.is (kayakferð á Breiðafirði)



Lyng



Þari



Rækja



Egg



Ull



Rekaviður



Dúnn



Sjávarföll



Örn



## 9.4 SAMHENGI SÖGUÞRÁÐA OG SÖGUSVIÐS

Fjölbreytt og að mörgu leyti einstakt landslag svæðisins er sögusvið merkra Íslendingasagna þar sem þekktar persónur léku stórt hlutverk. Þar er helst að nefna Laxdæla sögu og Eiríks sögu rauða. Í Laxdælu segir frá landnámi Auðar djúpúðgu, fólki sem með henni kom og afkomendum þeirra, sem margir bjuggu í Laxárdal. Í Eiríks sögu rauða eru feðgarnir Eiríkur og Leifur heppni aðalsögupersónurnar en för þeirra og frægð nær langt út fyrir landsteinana. Í Gullþóris sögu, öðru nafni Þorskfirðinga sögu, segir frá landnámsmönnum í Þorskafirði sem tókust á um gull sem þeim áskotnaðist eftir hernað í Finnmörk í Noregi. Þá eru margir sögustaðir úr Sturlungu á svæðinu en hún var að öllum líkindum að mestu rituð af Sturlu Þórðarsyni sem bjó á Staðarhóli í Saurbæ. Þjóðsögur eru ráðandi í sagnaarfi norðurhluta svæðisins, ekki síst galdrasögur. Með því að vinna með sögurnar í vöruþróun og markaðssetningu má upplifa og gera landslagið lifandi.

Hlunnindabúskapur við Breiðafjörð og Húnaflóa hefur einkennt svæðið í gegnum aldirnar á liðnum öldum og gerir enn, þó svo ekki sé lengur byggð í Breiðafjarðareyjum nema Flatey. Saga hlunnindabúskapar í eyjunum er einstök á landsvísu og hefur svæðið nú þegar sterka ímynd sem slíkt. Sama má segja um Strandir. Tilefni er til að draga þessa sérstöðu svæðisins fram við vöruþróun í landbúnaði, úr sjávarfangi og í ferðaþjónustu.

Á kortunum hér að neðan eru ofangreindir söguþræðir um hlunnindabúskap, sagnaarf og landslag skoðaðir í samhengi við sögusviðið. Þessar hugmyndir verða þróaðar áfram í næsta áfanga svæðisskipulagsverkefnisins.



# 9.5 SÖGUÞRÆÐIR LANDBÚNAÐAR

Á kortinu hér til hliðar er dregin fram einkenni í landslagi eða umhverfi (svart letur), auðlindum eða menningararfi (bleikt letur) og nýtingu eða starfsemi (appelsínugult letur) sem tengjast landbúnaði á svæðinu. Í næsta áfanga svæðisskipulagsverkefnisins verða söguþræðir þeirrar atvinnugreinar mótaðir frekar og settir í samhengi við sögusviðið.

Kortið er í A4 stærð aftast í þessu skjali.



# 9.6 SÖGUÞRÆÐIR SJÁVARNYTJA

Á kortinu hér til hliðar er dregin fram einkenni í landslagi eða umhverfi (svart letur), auðlindum eða menningararfi (bleikt letur) og nýtingu eða starfsemi (appelsínugult letur) sem tengjast sjávarnytjum á svæðinu. Í næsta áfanga svæðisskipulagsverkefnisins verða söguþræðir þeirrar atvinnugreinar mótaðir frekar og settir í samhengi við sögusviðið.

Kortið er í A4 stærð aftast í þessu skjali.



## 9.7 SÖGUÞRÆÐIR FERÐAÞJÓNUSTU

Á kortinu hér til hliðar er dregin fram einkenni í landslagi eða umhverfi (svart letur), auðlindum eða menningararfi (bleikt letur) og nýtingu eða starfsemi (appelsínugult letur) sem tengjast ferðaþjónustu á svæðinu. Í næsta áfanga svæðisskipulagsverkefnisins verða söguþræðir þeirrar atvinnugreinar mótaðir frekar og settir í samhengi við sögusviðið.

Kortið er í A4 stærð aftast í þessu skjali.



# 10 SÓKNARMARKMIÐ

Í þessum kafla verður sett fram áætlun til sóknar á þremur áherslugreinum; landbúnaði, sjávarnytjum og ferðaþjónustu. Hver kafli skiptist í forsendur, markmið og leiðir að markmiðum. Í forsendum verður fjallað um hvernig þessar atvinnugreinar birtast í umhverfi, samfélagi/menningu og atvinnulífi svæðisins. Markmiðin snúast síðan um hvernig megi styrkja þessar greinar, t.d. með landnotkun, mannvirkjagerð, menntun og vöruþróun. Tillögur verða mótaðar í febrúar-mars 2017 og kynntar í kjölfarið. Dæmi um kort sem eru í vinnslu í tengslum við þennan kafla eru hér til hliðar.




## 10.1 LANDBÚNAÐUR

Forsendur

Markmið

Leiðir að markmiðum

## 10.2 SJÁVARNYTJAR

Forsendur

Markmið

Leiðir að markmiðum

## 10.3 FERÐAÞJÓNUSTA

Forsendur

Markmið

Leiðir að markmiðum

# 11 UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSTEFNA

Í þessum kafla verður sett fram stefna í umhverfis- og skipulagsmálum sem styður við sóknaráætlunina í 10. kafla. Á þessu stigi er gert ráð fyrir að móta meginstefnu um landnotkun, verndun, vegakerfi, ferðaleiðir, áfangastaði, rafveitu, fjarskipti og úrgangsmál. Nákvæmni stefnunnar verður í samræmi við það að áætlunin er á svæðisvísu en ekki fyrir einstakt sveitarfélag eins og aðalskipulag er. Tillögur verða mótaðar í febrúar-mars 2017 og kynntar í kjölfarið. Dæmi um kort sem er í vinnslu fyrir þennan hluta eru hér til hliðar.




## 11.1 LANDNOTKUN

## 11.2 VERNDUN

## 11.3 VEGAKERFI

## 11.4 FERÐALEIÐIR OG ÁFANGASTAÐIR

## 11.5 RAFVEITA OG FJARSKIPTI

## 11.6 ÚRGANGSMÁL

# 12 UMHVERFISMAT

## 12.1 MATSLÝSING

Í þessum kafla er lýst hvernig staðið verður að umhverfismati svæðisskipulags-tillögunnar í samræmi við lög um umhverfismat áætlana. Tilgangur matslýsingarinnar er að gera grein fyrir umfangi, áherslum og aðferðum við umhverfismat svæðisskipulagstillögunnar, þannig að Skipulagsstofnun og eftir atvikum aðrir umsagnaraðilar, geti kynnt sér nálgunina og gert athugasemdir eftir því sem tilefni þykir til. Í umhverfismatinu verður gerð grein fyrir þeim atriðum sem krafist er í umhverfisskýrslu í 6. gr. laga um umhverfismat áætlana. Efni skýrslunnar verður að mestu fellt inn í skipulagsgreinargerð, eins og lýst er í köflunum hér á eftir, en sjálft matið og lýsing á aðferðum við það verður í sérstökum kafla eða viðauka.

## 12.2 EFNI ÁÆTLUNARINNAR

Gerð er grein fyrir tilgangi, hlutverki og áherslugreinum áætlunarinnar í köflum 2.2- 2.4 að framan. Í 6. og 7. kafla eru settar fram tillögur að viðfangsefnum og áherslum fyrir svæðisskipulagsgerðina út frá greiningu á umhverfisþáttum og byggðaþróun. Í næsta áfanga vinnunnar verða viðfangsefni og áherslur mótaðar frekar, m.a. út frá ábendingum við þetta skjal.

## 12.3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Samhengi við aðra áætlanagerð er lýst í köflum 4.3-4.6 en í töflum hér á eftir er gerð nánari grein fyrir efni stefnuskjala á landsvísu og alþjóðlegra og evrópskra samþykkta, sem tekið er mið af við stefnumótun og umhverfismat.

| Stefnuskjöl á landsvísu | Stefna sem varðar svæðisskipulagið |
|---|---|
| Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2016 (Alþingi, 2016) | Stefnan byggir á fjórum leiðarljósum: Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun; sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum; stuðli að lífsgæðum fólks; styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta. |
| Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014–2017, (Alþingi 2014) | Áætlunin miðar að því að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. |
| Þingsályktun um eflingu græna hagkerfisins (Alþingi 2012) | Stefnan miðar að því að Ísland skipi sér í fremstu röð á alþjóðavettvangi sem grænt hagkerfi, með áherslu á hreina náttúru, sjálfbæran orkubúskap, nýsköpun og menntun til sjálfbærni. |
| Ferðamálaáætlun 2011-2020, þingsályktun, (Alþingi 2011) | Meginmarkmið ferðamálaáætlunar eru: Að auka arðsemi atvinnugreinarinnar; að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vöruþróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið; að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðaþjónustunnar; að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öflugu greiningar- og rannsóknarstarfi. |
| Vegvísir í ferðaþjónustu. (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar, SAF 2015) | Sameiginleg stefna ríkis og SAF um ferðaþjónustu til lengri tíma með áherslu á sjálfbæra þróun. Á næstu fimm árum verður, á vegum Stjórnstöðvar ferðamála sem er sameiginlegur vettvangur ríkisstjórnar Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og SAF, lögð áhersla á verkefni sem stuðla að: Samhæfðri stýringu ferðamála; jákvæðri upplifun ferðamanna; áreiðanlegum gögnum; náttúruvernd; hæfni og gæðum; aukinni arðsemi; og dreifingu ferðamanna. Helsta verkefnið sem varðar svæðisskipulagið er skipulagning áfangastaða ferðamanna í hverjum landshluta. |
| Samgönguáætlun 2011-2022, þingsályktun, (Alþingi 2012) og tillaga til þingsályktunar fyrir 2015–2026 (Alþingi 2015–2016.) | Áætlunin inniheldur markmið og leiðir sem eiga að stuðla að greiðum, hagkvæmum, umhverfislega sjálfbærum og öruggum samgöngum. |

| | |
|---|---|
| Þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun 2011–2014 (Alþingi 2012) og tillaga til þingsályktunar fyrir 2015–2018 (Alþingi 2015–2016) | Í áætluninni eru skilgreind verkefni og framkvæmdir sem veitt er fjármagn til innan ramma stefnumótandi samgönguáætlunar. |
| Þingsályktun um Fjarskiptaáætlun 2011-2022, (Alþingi 2012) | Áætlunin skilgreinir leiðir að markmiðum um aðgengileg, greið, hagkvæm, skilvirk, örugg og umhverfisvæn fjarskipti. |
| Þingsályktun um áætlun um vernd og nýtingu orkunýtingu landsvæða (Alþingi 2014) | Áætlunin gerir ráð fyrir Skúfnavatnavirkjun í biðflokki þar sem nýtt yrði vatnasvið Þverár á Langadalsströnd við Ísafjarðardjúp. |
| Kerfisáætlun Landsnets, drög fyrir 2015-2024 | Áætlun um uppbygginu flutningskerfisins með 10 ára langtímaáætlun og 3 ára framkvæmdaáætlun. Í drögunum er bent á nauðsyn þess að hringtengja raforkukerfið á Vestfjörðum og styrkja tenginu þess við meginflutningskerfi landsins. |
| Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004–2008 og 2009–2013 (Alþingi 2004 og 2009) | Engar tillögur innan skipulagssvæðisins. |
| Náttúruminjaskrá, (Náttúruverndarráð 1996) | Á Náttúruminjaskrá eru friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Um friðlýst svæði gilda reglur sem auglýstar hafa verið í Stjórnartíðindum. Um aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá gildir að leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að þeim verði spillt. |
| Líffræðileg fjölbreytni. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni, (Ríkisstjórn Íslands 2008) | Stefnan miðar að því að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni Íslands og koma í veg fyrir frekari skerðingu hennar, tryggja sjálfbæra nýtingu lífríkisins og endurheimta þá þætti þess sem spillst hafa eða horfið vegna umsvifa mannsins. |
| Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga. Skýrsla og tillögur nefndar, (Umhverfisráðuneytið 2007) | Í skýrslunni er lagt til að beitarstýring verði aukin. Ennfremur að unnið verði að friðun birkiskóga og að sett verði opinbert markmið um að birkiskógar þeki í framtíðinni 10% af flatarmáli landsins og að birki verði gróðursett í auknum mæli á skógræktarsvæðum þar sem lögð hefur verið áhersla á innfluttar tegundir. |
| Þingsályktun um Landgræðsluáætlun 2003-2014 (Alþingi 2002) | Markmið landgræðslustarfs séu að: stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu og fyrirbyggja frekari eyðingu og landspjöll; byggja upp gróður og jarðveg í samræmi við gróðurskilyrði og landnýtingarþörf; binda kolefni í gróðri og jarðvegi til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda og að öll landnýting verði sjálfbær. |
| Stefnumörkun í loftslagsmálum, (Umhverfisráðuneytið 2008) | Stefna um að íslensk stjórnvöld standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar innan ramma Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna og Kyoto-bókunarinnar. Leitað verði leiða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Markvisst verði stuðlað að samdrætti í notkun jarðefnaeldsneytis, en þess í stað nýtt endurnýjanleg orka og loftslagsvænt eldsneyti. Stuðlað verði að aukinni bindingu kolefnis úr andrúmslofti með skógrækt og landgræðslu, endurheimt votlendis og breyttri landnotkun. Undirbúin verði aðlögun að loftslagsbreytingum jafnhliða því sem leitað verður leiða til að draga úr hraða þeirra og styrkleika. |
| Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2010-2020 (Ríkisstjórn 2010) | Aðgerðaáætluninni er ætlað að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi í því skyni að standa við stefnu stjórnvalda og skuldbindingar í loftslagsmálum. Þær aðgerðir sem geta varðað svæðisskipulagið eru: Efling göngu-, hjólreiða- og almenningssamgangna sem valkosts í samgöngum; aukin skógrækt og landgræðsla; endurheimt votlendis. |

| **Alþjóðleg og evrópsk stefnuskjöl** | **Stefna sem varðar svæðisskipulagið** |
|---|---|
| Alþjóðasamþykkt um fuglavernd, (París 1950) | Allir villtir fuglar skulu verndaðir. Stjórnvöld mega veita undanþágu frá þessari almennu reglu í þágu vísinda og menntunar og hvað varðar vargfugla. |
| Landslagssamningur Evrópu, (Florence 2000) | Markmið samningsins eru að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags ásamt því að koma á fót evrópsku samstarfi um landslag. Samningurinn inniheldur m.a. almenn ákvæði um fjögur meginatriði: Að veita landslagi ákveðinn sess í lögum og viðurkenna mikilvægi þess í umhverfi landsins. Að móta og framfylgja stefnu um landslag sem miðar að verndun, nýtingu og skipulagi þess. Að tryggja aðkomu almennings o.fl. að mótun stefnu um landslag. Að huga að landslagi við aðra stefnumótun, svo sem í stefnu um byggðaþróun, menningarmál, landbúnað, félagsmál og efnahagsmál. |
| Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf, (Ramsar 1971) | Markmið samningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla. Ekkert svæði á skipulagssvæðinu er á skrá samningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. |
| Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu, (Bern 1979) | Gera ber nauðsynlegar ráðstafanir til að viðhalda eða aðlaga stofnstærð villtra dýra og plantna, í samræmi við vistfræðilegar, vísindalegar og menningarlegar kröfur. |

| | |
|---|---|
| Samningur um líffræðilega fjölbreytni, (Ríó 1992) | Stuðla ber að verndun og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni. |
| Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, (Ríó de Janeiró 1992) | Stemmt verði stigu við auknum gróðurhúsaáhrifum með því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum og vernda og auka viðtaka og geyma (þ.e. lífmassa, skóga, höf og önnur vistkerfi á landi, á ströndum og í hafi) fyrir gróðurhúsalofttegundir. |
| Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins, (C 42/1995) | Skylda aðildarríkis til að skilgreina, vernda, varðveita, kynna og miðla til komandi kynslóða menningar- og náttúruarfleifð sem hefur sérstakt alþjóðlegt gildi og er á yfirráðasvæði þess. |
| Velferð til framtíðar 2020 og Áherslur 2010-2013 | Stefna um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. |

## 12.4 UMHVERFISAÐSTÆÐUR OG UMHVERFISÞÆTTIR

Ástandi umhverfis og samfélags á svæðinu er lýst í 6. og 7. kafla út frá helstu umhverfisþáttum. Þættirnir samsvara skilgreiningu á umhverfi samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana en þar er því lýst sem „Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta.“ Ekki þótti þó ástæða til að fjalla sérstaklega um umhverfisþættina „loft“ og „veðurfar“ í því samhengi sem umfjöllunin er, en við umhverfismatið verða áhrif á þessa umhverfisþætti metin, eftir því sem við á.

Metið verður hvaða breytingar kunni að verða á ástandi ofangreindra umhverfisþátta (0-kostur) með þeirri stefnu sem sett verður fram (stefnukostur). Leitast verður við að draga sérstaklega fram þá þætti sem líklegt er talið að verði fyrir *verulegum áhrifum* af framkvæmd stefnunnar og gera grein fyrir hvaða þættir eru ekki taldir þarfnast sérstakrar athugunar.

## 12.5 STEFNA TIL MATS

Sóknarmarkmið sem sett verða fram í 10. kafla og markmið í umhverfis- og skipulagsmálum í 11. kafla verða metin svo fremi sem þau teljast „marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000“, sbr. 3. gr. laga um umhverfismat áætlana.

## 12.6 VIÐMIÐ VIÐ MATIÐ

Til þess að meta hvort áhrif stefnunnar teljast jákvæð eða neikvæð verður beitt viðmiðum í eftirfarandi töflu. Listinn er settur upp út frá þeim umhverfisþáttum sem fjallað er um í 6. og 7. kafla en þáttunum lofti og veðurfari bætt við. Listinn er unninn út frá umhverfisviðmiðum sem beitt var við mat á tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026, sbr. lýsingu landsskipulagsstefnu frá febrúar 2014.[33] Þau viðmið voru aftur byggð á stefnuskjölum á landsvísu sem tilgreind eru í töflunni í kafla 12.3. Viðmiðin fyrir mat á svæðisskipulagstillögunni byggja þó einnig á landsskipulagsstefnunni sjálfri enda telst umhverfismat þeirrar stefnu hafa sýnt að hún hafi jákvæð umhverfisáhrif[34], auk þess sem sveitarfélögum ber að fara eftir stefnunni. Tekin eru með þau viðmið sem talin eru eiga við fyrirhuguð viðfangsefni svæðisskipulagstillögunnar.

| Umhverfisþættir | Umhverfisviðmið |
|---|---|
| Berggrunnur | ▪ Stefnan stuðlar að fjölbreytni jarðmyndanda. |
| Jarðvegur | ▪ Stefnan stuðlar að því að nýting jarðvegs fari fram með sjálfbærum hætti. |
| Yfirborðsvatn | ▪ Stefnan stuðlar að því að nýting yfirborðsvatns fari fram með sjálfbærum hætti.<br>▪ Stefnan gefur kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. |
| Grunnvatn | ▪ Stefnan stuðlar að því að nýting grunnvatns fari fram með sjálfbærum hætti.<br>▪ Stefnan stuðlar að heilnæmu ferskvatni. |
| Jarðhiti | ▪ Stefnan gefur kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. |
| Sjór | ▪ Stefnan stuðlar að viðhaldi á heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins og að skipulagsákvarðanir um staðbundna nýtingu á haf- og strandsvæðum byggist á vistkerfisnálgun og stuðli þannig að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda. |
| Loft og veðurfar | ▪ Stefnan stuðlar að heilnæmu andrúmslofti.<br>▪ Stefnan stuðlar að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.<br>▪ Stefnan stuðlar að öryggi almennings gagnvart |

[33] Landsskipulagsstefna 2015-2026. Lýsing. http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/LSK1526_Lysingu_lokaskjal_m_Kapu_20140218-(2).pdf

[34] Landsskipulagsstefna 2015-2026. Umhverfismat. http://www.landsskipulag.is/media/lsk-tillaga-15-26-til-radherra/Umhverfismat_12_3_2015.pdf

| | |
|---|---|
| | loftslagsbreytingum. |
| Gróður | ▪ Stefnan stuðlar að því að nýting gróðurauðlinda fari fram með sjálfbærum hætti. |
| Lífríki | ▪ Stefnan stuðlar að vernd náttúruminja og líffræðilegum fjölbreytileika.<br>▪ Í stefnunni er gætt að því að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt vegna náttúruverndar.<br>▪ Stefnan stuðlar að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa.<br>▪ Stefnan stuðlar að umhverfi án hættulegra efna.<br>▪ Stefnan stuðlar að því að nýting lífríkis fari fram með sjálfbærum hætti. |
| Landslag | ▪ Stefnan stuðar að því að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum.<br>▪ Stefnan miðar að varðveislu náttúru- og menningargæða sem hafa staðbundið eða víðtækara gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. |
| Minjar | ▪ Stefnan stuðlar að vernd menningarminja. |
| Sögur og sagnir | ▪ Stefnan stuðlar að verndun og varðveislu menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. |
| Mannauður og búseta, þ.m.t. íbúðar- og frístundabyggð | ▪ Stefnan stuðlar að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.<br>▪ Stefnan stuðlar að öruggri, aðgengilegri og vandaðri byggð í góðum tengslum við umhverfi og náttúru sem styður lífsgæði og heilbrigðan og sjálfbæran lífsstíl.<br>▪ Stefnan miðar almennt að afmörkuðum en samfelldum frístundabyggðarsvæðum sem gefi notendum þeirra kost á góðum tækifærum til útiveru um leið og gætt er að því að frístundabyggðin skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar eða náttúruverndar.<br>▪ Stefnan stuðlar að góðum tækifærum til útivistar og tryggir rétt almennings að frjálsu aðgengi um náttúru landsins.<br>▪ Stefnan stuðlar að öryggi almennings gagnvart náttúruvá. |
| Samfélags-þjónusta | ▪ Stefnan stuðlar að góðum búsetuskilyrðum og samkeppnishæfni byggða og bæja.<br>▪ Stefnan miðar að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. |
| Atvinnulíf | ▪ Stefnan stuðlar að því að skapa aðstæður fyrir grænt hagkerfi og fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf.<br>▪ Stefnan stuðlar að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.<br>▪ Stefnan stuðlar að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum.<br>▪ Stefnan stuðlar að því að viðhalda og efla sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna.<br>▪ Stefnan stuðlar að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt er að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.<br>▪ Stefnan stuðlar að því að nýting náttúruauðlinda fari fram með sjálfbærum hætti.<br>▪ Stefnan stuðlar að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið.<br>▪ Í stefnunni er gætt að því að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar. |
| Stofnkerfi | ▪ Stefnan felur í sér samþætta stefnu um byggðaþróun í þéttbýli og dreifbýli með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreyttan ferðamáta.<br>▪ Í stefnunni er gætt að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur.<br>▪ Stefnan stuðlar að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginkjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi.<br>▪ Stefnan skilgreinir meginleiðir ferðamanna, gangandi, ríðandi og hjólandi.<br>▪ Stefnan gefur kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugg fjarskipti, um leið og gætt verði að áhrifum á náttúru og landslag.<br>▪ Stefnan gefur kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggir örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag.<br>▪ Stefnan stuðlar að því að mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.<br>▪ Tekin er afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. |

## 12.7 NÁKVÆMNI, GÖGN OG AÐFERÐIR

Áætlunin eru stefnumarkandi (e. strategic) og nákvæmni umhverfismats mun taka mið af því. Byggt verður á þeim landfræðilegu gögnum sem safnað hefur verið saman frá opinberum stofnunum og sett eru fram á kortum í 6. kafla. Einnig verður sótt í ritaðar heimildir sem varða einstök stefnumið, eftir því sem tilefni þykir til, sjá heimildaskrá sem lögð er fram í þessari skýrslu. Ennfremur verður byggt á sjónarmiðum og ábendingum sem fram komu á samráðsfundum og fundum svæðisskipulagsnefndar.

Skipulagsráðgjafar munu vinna drög að umhverfismati, svæðisskipulagsnefnd síðan rýna þau og ráðgjafar fullvinna svo matið.

Umhverfismatið verður unnið í venslatöflum þar sem einstökum áhrifum verða gefnar einkunnir og matið skýrt og rökstutt með stuttum texta. Einkunnaskalinn er sá sami og notaður var við mat á tillögu að landsskipulagsstefnu.

| Tákn | Lýsing |
|---|---|
| + | Samræmi – stefnan styður við viðkomandi umhverfisviðmið |
| Ó | Óverulegt – stefnan styður viðkomandi umhverfisviðmið að óverulegu leyti eða að hluta til |
| - | Ósamræmi – stefnan styður ekki eða gengur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði |
| ÁEV | Á ekki við – stefnan tengist ekki umhverfisviðmiðinu með beinum hætti |

# 13 FRAMFYLGD

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir því hvernig staðið verður að framfylgd áætlunarinnar, s.s. með samstarfi á milli sveitarfélaga, samstarfi við samtök í samfélaginu og með þeim verkfærum sem sveitarfélög hafa eins og aðalskipulag, deiliskipulag, framkvæmda- og byggingaleyfi og fjárhagsáætlanir.

# HEIMILDIR OG ÍTAREFNI


Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016.

Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018.

Aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022.

Alta (2011). Íbúaþing í Dalabyggð. http://dalabyggd.alta.is/home

Alta (2014). Staðarandi Reykhóla. http://issuu.com/alta_ehf/docs/stadarandi_reykhola_prent

Alta (2015). Að búa í haginn – Samstarf til sóknar. Samantekt af samráðsfundi í Tjarnarlundi, haldinn 31. mars 2015. http://www.dalabyggd.is/Files/Skra_0071109.pdf

Alþingi (2016). Þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015–2026. http://www.althingi.is/altext/145/s/1027.html

Alþingi (2012). Þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011–2022. http://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/1630.pdf

Alþingi (2012). Þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2011–2014, http://www.althingi.is/altext/140/s/pdf/1629.pdf

Alþingi (2009). Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013. http://www.althingi.is/altext/136/s/0239.html

Alþingi (2004). Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004–2008.

Alþingi (1995). Lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995. http://www.althingi.is/lagas/145a/1995054.html

Arnkatla (2008). Stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir árin 2008– 2012. http://www.ferdamalastofa.is/static/files/upload/files/200891916241arnkatla_stefnumotun_08.pdf (sjá einnig http://strandir.is/arnkatla-2008-formlega-stofnadur-a-morgun/

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti (2010). Skýrsla nefndar um landnotkun: Athugun á notkun og varðveislu ræktanlegs lands á Íslandi. http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla_nefndar_um_landnotkun_b.pdf

Atvinnuráðgjöf Vesturlands. http://www.ssv.is/default.asp?sid_id=6544&tre_rod=002|001|&tId=1

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. http://www.atvest.is/

Atvest (2014). Greining á sjávarútvegi á Ströndum. Minnisblað um Strandabyggð, dags. 10. nóvember 2014. Unnið af Viktoríu Rán Ólafsdóttur og Shiran Þórissyni.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða (1999). Úttekt á stöðu og möguleikum ferðaþjónustu í Reykhólahreppi sumarið 1999. http://www.atvest.is/utgafa_og_skyrslur/skra/35/

Bátasmíðavefur Hjalta Hafþórssonar, http://tile.is/

Byggðastofnun (2014). Stöðugreining Vesturlands og Stöðugreining Vestfjarða. http://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/stodugreiningar-landshluta

Byggðastofnun (2016). Dreifing nautgripa á Íslandi. https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdabrunnur/nautgriparaekt.pdf

Byggðastofnun (2016). Dreifing sauðfjár á Íslandi. https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdabrunnur/dreifing_saudfjarbua.pdf

Breiðfirðingafélagið. http://www.bf.is/

Breiðafjarðareyjar, áhugaverðir staðir. http://www.nat.is/travelguide/br_eyjar_eyjarnar_breidafirdi.htm

Breiðafjarðarfléttan. http://www.flettan.is/

Breiðafjarðarnefnd. http://www.breidafjordur.is/

Breiðafjarðarnefnd (2009). Menningarminjar á Breiðafirði. Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi, 17.-18. apríl 2009.

Byggðastofnun (2016). Dreifing sauðfjár á Íslandi. http://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdabrunnur/2016-07-dreifing-saudfjar.pdf

Bændasamtök Íslands. http://www.bondi.is

Ferðamálasamtök Vestfjarða. http://www.vestfirskferdamal.is/

Ferðamálasamtök Vesturlands. http://www.ferdamalasamtok.is/landshlutasamtok/vesturland

Ferðamálastofa (2015). Auðlindir ferðaþjónustunnar. http://www.ferdamalastofa.is/is/samstarf-og-markadir/markadsmal/kortlagning-audlinda

Ferðaþjónusta á Vesturlandi. Staða og stefna: 2012-2015. http://www.west.is/static/files/PDF2014/stefnuskyrslamv_30052012.pdf

Flatey á Breiðafirði. http://www.flatey.com/

Fjórðungssamband Vestfirðinga. http://fjordungssamband.is/

Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál. http://fjordungssamband.is/samgongunefnd/

Fornleifastofnun Íslands (2006). Fornleifarannsókn á Grettislaug á Reykhólum.

Fornleifastofnun Íslands (2006). Menningarminjar í Saurbæjarhreppi. Svæðisskráning.

Fornleifastofnun Íslands (2008). Fornleifarannsókn að Hofstöðum í Þorskafirði.

Fornleifastofnun Íslands (2008). Menningarminjar í Haukadalshreppi. Svæðisskráning fornleifa.

Fornleifastofnun Íslands (2008). Menningarminjar í Laxárdalshreppi. Svæðisskráning fornleifa.

Fornleifastofnun Íslands (2008). Menningarminjar í Miðdalahreppi, Dalasýslu. Svæðisskráning fornleifa.

Fornleifastofnun Íslands (2008). Menningarminjar í Skógarstrandahreppi - Svæðisskráning fornleifa.

Fornleifastofnun Íslands (2009). Menningarminjar í Hörðudalshreppi. Svæðisskráning fornleifa.

Fornleifastofnun Íslands (2009). Akureyjar. Aðalskráning fornleifa.

Fornleifastofnun Íslands (2009). Hergilsey.

Fornleifastofnun Íslands (2009). Kirkjur og bænhús í Austur-Barðastrandasýslu.

Fornleifastofnun Íslands (2009). Framvinduskýrsla um fornleifarannsóknir í Öxney á Breiðafirði 2007.

Fornleifastofnun Íslands (2010). Fornleifarannsóknir í Haukadal 2009.

Fornleifastofnun Íslands (2011). Fornleifaathuganir í Saurbæ í Dölum 2007 og 2011.

Fornleifastofnun Íslands (2011). Dysjar, leiði og haugar. Fornleifarannsóknir á Skógarströnd 2011.

Fornleifastofnun Íslands (2011). Dysjar, leiði og haugar. Fornleifarannsóknir í Hörðudal 2011.

Fornleifastofnun Íslands (2011). Forn gröf á Skipaeyri í landi Kinnarstaða, A-Barðastrandarsýslu - Fornleifarannsókn 2011.

Fornleifastofnun Íslands (2012). Skáleyjar. Aðalskráning fornleifa.

Gistihúsið Nýp, Skarðsströnd, Dalabyggð. http://nyp.is/

Guðrún Gísladóttir og Hjördís Linda Jónsdóttir (2007). Örnefni í sjó á Breiðafirði. http://www.breidafjordur.is/Utgafa/ornefni_i_sjo_a_Breidafirdi.pdf

Gönguleiðir, Vestfirðir. http://www.nat.is/gonguleidirisl/gonguleidir_vestfirdir.htm

Gönguleiðir um Lauga, heimahaga Guðrúnar Ósvífursdóttur. http://dalabyggd.is/Files/Skra_0067654.pdf

Greinargerð starfshóps til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um mat á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku (2015), https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/150512-Sjavarorka-lokaskjal.pdf

Guðmundur L. Hafsteinsson (2006). Þorpið í Flatey á Breiðafirði. Byggða- og húsakönnun. Reykhólahreppur.

Hagstofa Íslands. https://www.hagstofa.is/

Háskólasetur Vestfjarða. http://www.uw.is/

Ingibjörg Benediktsdóttir (2015). Hver yrðu áhrif sameiningar Strandabyggðar, Reykhólahrepps og Dalabyggðar á þjónustu og stjórnsýslu? Lokaverkefni við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri. http://skemman.is/stream/get/1946/21416/48148/1/Ingibj%C3%B6rg_Benediktsd%C3%B3ttir_lok0146.pdf

Landbúnaðarháskóli Íslands, Jarðvegsstofa. http://jardvegsstofa.lbhi.is/

Landssamtök sauðfjárbænda. http://www.saudfe.is/

Landssamband veiðifélaga. http://www.angling.is/is/

Laxar, laxveiði á Íslandi. http://www.laxar.net/

Margret Herdís Einarsdóttir (2011). Ímyndarsköpun ferðaþjónustu á jaðarsvæðum: Strandir sem áfangastaður ferðamanna.

Markaðsstofa Vestfjarða. http://fjordungssamband.is/markadsstofa_vestfjarda/ og http://www.westfjords.is/is/

Markaðsstofa Vesturlands. http://www.west.is/is/frettir-af-innra-starfi

Menningarmiðja Dalanna. http://www.budardalur.is/

Menningarráð Vestfjarða. http://fjordungssamband.is/menningarrad/

Menningarráð Vesturlands. http://www.menningarviti.is/

Minjastofnun Íslands, þ.m.t. vefsjár, http://www.minjastofnun.is/

Namur.is. Allt um efnistöku og frágang. http://www.namur.is/

NAT, veiðivefur. http://nat.is/veidi/veidi.htm

Natural England (2014). An Approach to Landscape Character Assessment, https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/396192/landscape-character-assessment.pdf

Natural England (2012). An Approach to Seascape Character Assessment, https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/396177/seascape-character-assessment.pdf

Námsgagnastofnun og Hafrannsóknastofnun. Fjaran og hafið, vefur með fróðleik um lífverur sem lifa í fjörum og hafinu, http://www1.nams.is/hafid/index.php

Náttúrufræðistofnun (á.á.). Ár og vötn. http://www.ni.is/jord/vatn/ar-og-votn

Náttúrustofa Vestfjarða. http://www.nave.is/

Náttúrustofa Vesturlands. http://nsv.is/

Nýsköpunarmiðstöð Íslands. http://nmi.is/

Nýsköpunarmiðstöð Íslands (2014). Einstök íslensk upplifun: Vegur til vaxtar http://www.einstokupplifun.is/ og http://www.nmi.is/baekur/einstokupplifun/files/assets/common/downloads/Upplifunarhandbok-24-september.pdf

Nýtingaráætlun fyrir Ísafjarðardjúp og Jökulfirði 2014-2026. Lýsing áætlunar – 13.11. 2013. http://fjordungssamband.is/verkefni/isafjardardjup_og_jokulfirdir/

Orkustofnun (2006). Orkumál 2005 - Jarðhiti. http://www.os.is/gogn/Orkumal-arsrit/Orkumal-Jardhiti-2006-2-3.pdf

Ólafur Arnalds og Hlynur Óskarsson (2009). Íslenskt jarðvegskort. http://www.moldin.net/uploads/3/9/3/3/39332633/jardvegskort_2.pdf

Ráðstefna um framtíð ferðaþjónustu á Vestfjörðum. http://fjordungssamband.is/fjordungssambandid/ymsar_skyrslur/flokkur/131/

Rögnvaldur Guðmundsson (2015). Ferðmenn í Dalabyggð 2004-2014. Samantekt unnin fyrir Dalabyggð af Rannsóknum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf.

Samgönguáætlun 2015–2026. Greinargerð með tillögu samgönguráðs. DRÖG. https://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2015/SGA-Drog--28.-september.pdf

Salvör Jónsdóttir (2012). Landbúnaðarland í skipulagsáætlunum. http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/landb_land_skipulagsaaetlunum_sj_2011.pdf

Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005 -2020. http://www.dalabyggd.is/Files/Skra_0044370.pdf

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. http://www.ssv.is

Sauðfjársetur á Ströndum, http://www.strandir.is/saudfjarsetur/

Skipulagsstofnun (2015). Skipulag og ferðamál – hugmyndahefti, http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Skipulag_og_ferdamal.pdf´

Skipulagsstofnun (2014). Skipulagsmál á Íslandi. Lykilmælikvarðar og fyrirliggjandi áætlanir. http://www.landsskipulag.is/

Skipulagsstofnun (2014). Um skipulag haf- og strandsvæða. Löggjöf, lykilhugtök og stjórntæki. http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Um-skipulag-haf--og-strandsvaeda-lokautgafa.pdf

Skipulagsstofnun (2010). Leiðbeiningablað 10. Umfang og áherslur í umhverfismati. http://www.skipulag.is/media/skipulagsmal/okt2010_Leidbeiningarblad_10_-matslysing.pdf

Skólaverkefni um rækjur. http://www.holmavik.is/skoli/raekjuvefur/raekjur_i_poka.htm

Snerpa.is - Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar (2000). Tröllin á Vestfjörðum. https://www.snerpa.is/net/thjod/troll-ve.htm

Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019. http://www.vestfirdir.is/Uppbyggingarsjodur/

Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019 http://www.ssv.is/default.asp?sid_id=60253&tre_rod=001%7C014%7C&tId=1

Starfshópur um landnotkun í dreifbýli og sjálfbæra landnýtingu (2014). Landnotkun í dreifbýli og sjálfbær landnýting. Áfangaskýrsla. https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/sk140324_landnotkun_afangaskyrsla.pdf

Stefnumótun Ferðamálasamtaka Vestfjarða 2010 – 2015. http://atvest.is/utgafa_og_skyrslur/skra/31/

Stefnumótun í menningarmálum á Vestfjörðum (2007). http://www.vestfirdir.is/menningarrad/stefnumotun/

Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum. Fyrstu skref 24. maí 2016. http://fjordungssamband.is/stefnumotun_sveitarfelaga/skjol_tengd_stefnumotun/flokkur/152/

Stefnumótun Strandabyggðar 2016, frétt um framgang vinnunnar. http://strandabyggd.is/frettir/Stefnumotun_i_Strandabyggd_2016/

Strandagaldur. http://www.galdrasyning.is/

Strandir.is. http://strandir.is/

Umhverfisstofnun (á.á.). Friðlýst svæði - Breiðafjörður. https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/vesturland/breidafjordur/

Umhverfisstofnun (2013). Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands. Skipting vatns í vatnshlot og mat á helsta álagi af starfsemi manna á vatn. https://ust.is/einstaklingar/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/#Tab6

Umhverfisvottun Vestfjarða. http://fjordungssamband.is/verkefni/umhverfisvottun_vestfjarda/

Vatnavinir. http://www.vatnavinir.is/projects/the-westfjords/

Vaxtarsamningur Vesturlands. http://www.vaxtarsamningur.is/default.asp?Sid_Id=51159&tId=1&Tre_Rod=&qsr

Vegagerðin, vegaskrá. http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/ og http://vegasja.vegagerdin.is/

Vegvísir í ferðaþjónustu. http://ferdamalastefna.is/

Veisla að vestan. http://atvest.is/veisla_ad_vestan/

Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019. https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Breidafjordur_verndaraaetlun_2014-2019_minnkad.pdf

Vestfirskar heiðar. http://www.nat.is/travelguide/ahugav_st_vestf_hei%C3%B0ar.htm

Vesturferðir. http://www.vesturferdir.is/

Vital Rural Area: Branding Rural Areas: Motives, Measures and Management. http://www.vitalruralarea.eu/scientific-articles/239-branding-rural-areas-motives-measures-and-management

Vífill Karlsson og Anna Steinsen (2014). Íbúakönnun á Vesturlandi, Staða og mikilvægi búsetuskilyrða. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. http://ssv.is/Files/Skra_0067148.pdf

Vísindavefurinn (2015). Af hverju er jarðhiti svona víða á Vestfjörðum? http://www.visindavefur.is/svar.php?id=70356

VSÓ ráðgjöf, (2009). Skilgreining ferðamannaleiða og ferðamannavega. Rannsóknarverkefni Vegagerðarinnar, http://www.vso.is/islandsvegir/pdf/Skilgreining-ferdamannaleida-feb2009.pdf

Westfjords Adventure. http://westfjordsadventures.com/

Þjóðminjasafn Íslands (1999). Leitin að týndu lauginni. Sælingsdalslaug. Rannsóknarskýrslur. Guðmundur Ólafsson.

## UMSAGNARAÐILAR

Aðilar sem fá þessa skýrslu senda með tölvupósti til kynningar og umsagnar:

- Aðliggjandi sveitarfélög: Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Helgafellssveit, Eyja- og Miklaholtshreppur, Borgarbyggð og Húnaþing vestra
- Önnur sveitarfélög við Breiðafjörð: Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær, Stykkishólmsbær og Vesturbyggð
- Arnarsetur Íslands, Króksfjarðarnesi
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða
- Báta- og hlunnindasýningin Reykhólum
- Björgunarsveitin Heimamenn
- Björgunarsveit Strandabyggðar
- Björgunarsveitin Ósk
- Breiðafjarðarnefnd
- Breiðfirðingafélagið
- Búnaðarfélag Hvammsfjarðar
- Búnaðarfélag Hörðudals
- Búnaðarfélag Laxárdals
- Búnaðarfélag Miðdæla
- Búnaðarfélag Reykhólahrepps
- Búnaðarsamband Vestfjarða
- Búnaðarsamtök Vesturlands
- Byggðasafn Dalamanna
- Byggðastofnun
- Dreifnám FSV á Hólmavík
- Dreifnám Menntaskóla Borgarfjarðar í Búðardal
- Eiríksstaðir í Haukadal
- Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfjarða um samgöngumál og fjarskipti
- Ferðamálastofa
- Ferðamálasamtök Vesturlands
- Ferðamálasamtök Vestfjarða
- Félag eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi
- Félag eldri borgara í Strandasýslu
- Fjórðungssamband Vestfirðinga, stjórn
- Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna
- Framfarafélag Flateyjar
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- Galdrasýning á Ströndum
- Grunnskólar sveitarfélaganna
- Hafrannsóknastofnun
- Háskólasetur Vestfjarða
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Hestamannafélagið Glaður
- Héraðssamband Strandamanna
- Innanríkisráðuneytið, skrifstofa samgangna
- Innanríkisráðuneytið, skrifstofa sveitarfélaga
- Isavia
- Íslandsstofa
- Leikskólar sveitarfélaganna
- Leifsbúð Búðardal
- Landsnet
- Markaðsstofa/markaðsfulltrúi Vestfjarða
- Markaðsstofa/markaðsfulltrúi Vesturlands
- Matís
- Menningarráð Vesturlands
- Minjastofnun Íslands
- Minjavörður Vestfjarða
- Minjavörður Vesturlands
- Náttúrubarnaskólinn
- Náttúrustofa Vestfjarða
- Náttúrustofa Vesturlands
- Nefndir og ráð sveitarfélaganna
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Orkubú Vestfjarða
- Ólafsdalsfélagið
- Rannsóknarsetur HÍ á Ströndum - Þjóðfræðistofa
- RARIK, Búðardal
- Samgöngustofa
- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
- Sauðfjársetur á Ströndum
- Símenntunarmiðstöð Vesturlands
- Skipulagsnefnd kirkjugarða
- Skipulagsstofnun
- Skíðafélag Strandamanna
- Skógræktin
- Skógræktarfélag Dalasýslu
- Skógræktarfélagið Björk
- Sorpsamlag Strandasýslu
- Steinshús, Nauteyri
- Stjórnstöð ferðamála
- Svæðisgarðurinn Snæfellsnes
- Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness
- Sögufélag Dalamanna
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
- Umhverfisstofnun
- Ungmennaráð Strandabyggðar
- Ungmennasamband Dala- og Norður-Breiðfirðinga
- Uppbyggingarsjóður Vestfjarða, úthlutunarnefnd
- Upplýsingamiðstöðin Flatey
- Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Búðardal
- Upplýsingamiðstöðin á Hólmavík
- Upplýsingamiðstöðin á Reykhólum
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin
- Veiðifélag Laxdæla
- Vestfjarðanefndin, fulltrúi Stranda og Reykhólahrepps
- Þaulsetur á Skarðsströnd

# FYLGISKJÖL MEÐ 9. KAFLA UM SVÆÐISMARK


Sögusvið
Húnaflói
Grímsey
Hólmavík
Búðardalur
Þröskuldar
Gilsfjarðarbrú
Reykhólar
Steingrímsfjarðarheiði
Þorskafjarðarheiði
Drangjökull
Ísafjörður
Kollafjarðar-
heiði
Skarðsströnd
Fellsströnd
Skógarströnd
Ísafjarðardjúp
Flatey
Breiðafjörður
10
0
10
20
30
40 km

# Söguþræðir landbúnaðar

Á kortin eru dregin fram einkenni í landslagi eða umhverfi (svart letur), auðlindum eða menningararfi (bleikt letur) og nýtingu eða starfsemi (appelsínugult letur)



# Söguþræðir sjávarnytja

Á kortin eru dregin fram einkenni í landslagi eða umhverfi (svart letur), auðlindum eða menningararfi (bleikt letur) og nýtingu eða starfsemi (appelsínugult letur)



# Söguþræðir ferðaþjónustu

Á kortin eru dregin fram einkenni í landslagi eða umhverfi (svart letur), auðlindum eða menningararfi (bleikt letur) og nýtingu eða starfsemi (appelsínugult letur)

